



SKOÐUN Ólafur Ólafsson skrifar um blindu og dauða á biðlistum. **15**



MENNING Ferðabók með draugasögum við Þjóðveginn fyrir alla fjölskylduna. **20**



LÍFID Brynjar Sigurðsson er tilnefndur til svissnesku hönnunarverðlaunanna í ár. **30**



SPORT Það er mikið undir í toppslag Pepsi-deildar kvenna í kvöld. **26**

BA í byltingafræði

Umsóknarfrestur til 15.júní

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
- hvar sem þú ert og hvert sem þú stefnir

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur

9. júní 2015
133. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Fundi frestað


Fallið hefur verið frá sáttanefndarleið í kjaradeilu ríkisins við Bandalag háskólamanna og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga. Stendur upp á ríkið að koma með tilboð til lausnar vandanum, segir formaður Bandalags háskólamanna. **2**

Rannsókn vegna lagningar sæstrengs

Sjávarbotnsrannsókn vegna lagningar sæstrengs á milli Bretlands og Íslands hefst í vikunni og stendur í allt sumar. Landsvirkjun telur sölu á rafmagni til Evrópu í gegnum sæstreng mjög áhugaverðan kost. **12**



Svjar í NATO Leitotogi hægrimanna í Svíþjóð, Anna Kinberg Batra, kveðst vonast til að Stefan Löfven forsætisráðherra hlusti á forsætisráðherra Finnlands, Juha Sipilä, sem er opin fyrir aðild að Atlantshafsbandalaginu. **12**



SÉRBLAÐ

Fólk



SÖGULEGIR SAMNINGAR Leiðtogar stjórnarflokkanna kynntu aðgerðaáætlun sína um afnám hafta á blaðamannafundi í Hörpu. Stærstu erlendu kröfuhafarnir eru sáttir við skilyrðin sem kynnt voru á fundinum. Bæði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni Benediktsson kynntu aðgerðirnar í erlendum fjölmiðlum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Nauðasamningarnir í höfn

Kröfuhafar föllnu bankanna munu ganga að stöðugleikaskilyrðum ríkisstjórnarinnar. Slitastjórn Glitnis fagnar skilyrðunum. Rík áhersla lögð á að fjármunir sem fást við haftalosun fari ekki í umferð á ný og skapi þrýsting.

EFNAHAGSMÁL Ríkisstjórnin kynnti í gær aðgerðaáætlun um afnám gjaldeyrishafta. Samkvæmt henni eru sett fram stöðugleikaskilyrði sem slitabú föllnu bankanna verða að uppfylla fyrir áramót og gera þannig nauðasamninga. Að öðrum kosti verður settur á þau stöðugleikaskattur upp á 49 prósent.

Slitastjórn Glitnis sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem sagt er að kröfuhafarnir hafi átt í viðræðum við stjórnvöld um stöðugleikaskilyrðin. Steinunn Guðbjarts-

dóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, sagðist í samtali við Kastljós RÚV fagna því að ríkisstjórnin hefði sett skilyrðin fram.

„Það er mikið ánægjuefni og gott að geta komið til móts við þau skilyrði og lokið slitameðferð. Ég held að þetta sé mjög stórt skref fyrir alla.“

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsmálaráðherra, sagði í gær að ríkisstjórnin hefði sýnt vilja í verki til að greiða fyrir þeirri leið sem felst í stöðugleikaskilyrðum,

850

milljarða stöðugleikaskattur verður lagður á slitabúin semji þau ekki fyrir árslok.

samningaleiðinni, með því að breyta lögum um fjármálafyrirtæki. Hann segir samræður hafa átt sér stað við fulltrúa kröfuhafa.

„Samtalið hefur að einhverju leyti hjálpað til við að fínþússa,

eða þróa, stöðugleikaskilyrðin,“ sagði Bjarni, en ítrekaði að ríkisstjórnin hefði aldrei kvikað frá markmiðum um bindingu fjármuna inni í landinu og lengingu lána.


Bjarni, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Már Guðmundsson seðlabankastjóri lögðu allir ríka áherslu á það í gær að fjármunir sem sköpuðust við aðgerðirnar yrðu nýttir til að viðhalda stöðugleika.

- kóp / sjá síður 4, 6 og 8

ÞAÐ ER HOLLT
AÐ BROSNA OG HREYFA SIG



VEÐUR



Í dag verða suðvestan 5 til 10 metrar á sekúndu, skýjað og smáskúrir á við og dreif, en bjart austanlands. Mun hægari vindur og úrkomuminna en var í gær. Hiti frá 7 gráðum við vesturströndina, upp í 15 stig á Austfjörðum og Austurlandi.

SJÁ SÍÐU 18

Tímafrekt, en stefnt að því að landa samningi fyrir 12. þessa mánaðar:

Viðra ekki tölur fyrr en semst

KJARAMÁL „Við vinnum að lausnum, það er ekkert annað hægt að segja í bili,“ segir Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar, um samningaviðræður iðnaðarmanna við Samtök atvinnulífsins sem nú standa. Fundað var í Karphúsinu í gær en yfirlýst markmið, eftir að frestað var verkföllum sem áttu að hefjast á morgun, er að ná samningum fyrir vikulokin, 12. júní.

„En það er talsvert órætt,“ segir Hilmar og átti hvorki von á sam-



„Við opnum ekkert á þennan ramma fyrr en búið er að loka honum.“

Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar

ingi í gær né í dag. „Það gerist varla fyrr en seinni partinn í vikunni, eða jafnvel í lok hennar.“

Hann segir það marga hópa eiga eftir að ræða sín mál að það taki allt ákveðinn tíma.

Yfirlýst markmið iðnaðarmanna í viðræðunum er að færa kaupaxta nær greiddum launum. Það í sjálfu sér felur þó ekki í sér kauphækkun til fólks. Hvað stærðir varðar í þeim efnum vill Hilmar ekkert segja. „Það kemur allt í ljós þegar samningur verður kynntur. Við opnum ekkert á þennan ramma fyrr en búið er að loka honum.“

- óká

Kosningarnar í Danmörku:

Prestar vilja rauða stjórn

DANMÖRK Meirihluti danskra presta, sem þátt tóku í skoðana-könnun Kristilega dagblaðsins, vill frekar rauða stjórn en bláa. Alls kváðust 46 prósent ætla að kjósa einhvern flokkanna í rauðu blokkinni, 22 prósent styðja borgaralegu flokkana en 32 prósent eru enn óákveðin.

Prestarnir setja málefni innflytjenda, siðfræði og velferðarsamfélags á oddinn. Þingkosningar verða í Danmörku þann 18. júní næstkomandi.

- ibs



BÖRN Á FLÓTTA meðal þeirra sem bjargað var voru tíu þungaðar konur.

NORDICPHOTOS/AFP

Áhöfn bresks herskips bjargaði yfir þúsund flóttamönnum: Fimmtíu þúsund bjargað á árinu

BJÖRGUN Fimmtíu þúsund flóttamenn hafa lent á ströndum Ítalíu það sem af er þessu ári. Frá þessu er greint á vef The Guardian.

Áhöfn breska herskips HMS Bulwark bjargaði yfir þúsund flóttamönnum í sjö aðskildum aðgerðum síðastliðinn sunnudag. Meðal þeirra sem bjargað var voru tíu þungaðar konur.

Skipstjóri HMS Bulwark, Nick Cooke-Priest, sagði að dagurinn hefði verið áreynslumikill og hrósaði áhöfnum þyrla sem fundu bátana.

Nýliðin helgi var ein sú annasamasta á árinu fram til þessa. Að björgunaraðgerðum komu meðal annars ítölsk yfirvöld og herskip frá Bretlandi, Írlandi og Þýskalandi.

Um 1.800 flóttamenn hafa látið lífið í Miðjarðarhafinu á þessu ári. [rey](#)

Eftirlit með inntökuprófum: Drónar eiga að afhjúpa svindl

KÍNA Stjórnendur háskóla í Luoyang í Henan-héraði í Kína hafa gripið til nýrra ráða til að góma þá sem svindla í inntökuprófum. Dróna er flogið yfir þá staði þar sem prófin eru haldin til að kanna hvort óvenjulegar sendingar eigi sér stað frá tækjum sem smyglað hefur verið inn. Samkvæmt frétt á vef Dagens Nyheter uppgötvaðist ekkert svindl fyrsta daginn.

Greint er frá því að mikil samkeppni sé um plássin í háskólunum.

- ibs

Trúskipti fyrir tilstilli félaga: Fleiri snúast til Íslams í Noregi

NOREGUR Um 2.500 einstaklingar í Noregi hafa snúist til íslams undanfarin 15 ár.

Á fréttavef Aftenposten er haft eftir Kari Vogt, trúarbragðasagnfræðingi og sérfræðingi í íslam, að trúskipti hafi verið algengust í tengslum við hjónabönd. Nú hafi hins vegar trúskipti fyrir tilstilli félaga náð fótfestu bæði í Noregi og annars staðar í Evrópu. Um sé að ræða unga múslima sem kynni trúna fyrir félögum sínum. Talið er að múslimar í Noregi séu nú um 200 þúsund.

- ibs

Tæplega gripið inn í áður en sést til lands

Fallið hefur verið frá sáttanefndarleið í kjaradeilu ríkisins við Bandalag háskólanna og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga. Áfram fundað hjá ríkissáttasemjara. Stendur upp á ríkið að koma með tilboð til lausnar vandanum, segir Páll Halldórsson.

KJARAMÁL Ákveðið var á fundi í félagsmálaráðuneytinu í gærmorgun að falla frá hugmyndum um að kalla saman sáttanefnd vegna kjaradeilna ríkisins við háskólamenn og hjúkrunarfræðinga.



PÁLL HALLDÓRSSON

Páll Halldórsson, formaður samninganefndar Bandalags háskólanna (BHM), segir það hafa verið sameiginlega niðurstöðu forsvarsmanna félaganna og fulltrúa ráðuneytisins að það myndi ekki hjálpa til við lausn kjaradeilunnar að færa hana úr lögbundnum farvegi hjá ríkissáttasemjara til sáttanefndar. Slík nefnd hafi ekki yfir öðrum verkfærum að ráða en ríkissáttasemjari. „Þannig að staðan er í stórum dráttum óbreytt enn. Við biðum bara eftir fundi.“

Vandamálið við samningaborðið segir Páll hins vegar ekki snúa að því hvernig staðið er að sáttumleitunum. „Vandamálið er að fjármuni vantar til að hægt sé að leysa vandanum. Það er auðvitað það sem stendur upp á ríkið núna. Það sem er í boði dugar ekki til að leysa deiluna.“

Um leið vill Páll þó ekki meina að deilan sé alveg „stál í stál“, heldur hafi verið kastað fram hlutum sem verið sé að velja fyrir sér. „En það hefur ekki náðst að þróast alveg nógu vel áfram,“ segir hann en vonast eftir bændingu um það í síðasta lagi í dag, að rétt sé að setjast að samningaborðinu á ný.



Í KARPHÚSINNU Í GÆR Bryndís Hlökkversdóttir ríkissáttasemjari tók á móti samninganefndum iðnaðarmanna og Samtaka atvinnulífsins eftir hádegi í gær. Ekki hefur verið boðað til nýs fundar í deilu ríkisins við BHM og hjúkrunarfræðinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Meðal þess sem ríkissáttasemjari getur gert er að leggja fram miðlunartillögu í kjaradeilum sem félagsmenn kjósa um án þess að samninganefndir komi að. Páli finnst hins vegar frekar ósennilegt að eitthvað slíkt sé í pípunum. „Það verður að sjást til lands einhvers staðar í deilunni þegar svoliðis er gert og mitt mat er að svo sé ekki nú,“ segir hann en áréttar um leið að sáttasemjari taki sjálfstæða ákvörðun um slíkt.

Síðdegis í gær hafði ekki enn verið boðað til nýs samningafundar í deilu félaganna við ríkið, en síðast var fundað fyrir helgi. Hluti félaga BHM, svo sem geislafræðingar og fleiri sérfræðingar Land-

spítalans, hefur verið í verkfalli í níu vikur, eða frá 7. apríl síðastliðnum. Dýralæknar og fleiri hafa verið í verkfalli í rúmar sjö vikur. Þá hafa hjúkrunarfræðingar nú verið í verkfalli í tvær vikur.

Ástandið endurspeglar einna helst í skorti á vörum í verslunum, erfiðleikum fyrirtækja sem reida sig á þjónustu Matvælastofnunar, hægagangi í heilbrigðiskerfinu og uppsögnum sem þar eru hafnar. Þannig er um þriðjungur geislafræðinga á Landspítalanum sagður hafa sagt upp störfum og ljósmæður og dýralæknar sækja í auknum mæli um starfsleyfi á Norðurlöndum, samkvæmt upplýsingum frá BHM.

olikr@frettabladid.is

Verkfall hjúkrunarfræðinga hefur alvarleg áhrif á starfsemi geðsviðs LSH:

Tveimur geðdeildum lokað

HEILBRIGÐISMÁL „Við erum að útskrifa fólk of snemma og gæði þjónustunnar hafa snarminnkað,“ segir María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans.

Loka hefur þurft tveimur deildum á geðsviði og einni til viðbótar að hluta til vegna verkfalls hjúkrunarfræðinga sem staðið hefur frá 27. maí. Deildirnar sem eru lokaðar eru göngudeild fíknimeðferðar og almenn endurhæfingardeild á Kleppspítala.

Geðhjúkrun er veigamikill þáttur í meðferð á geðsviði og því hefur verkfallið veruleg áhrif á starfsemina.

„Við sinnum öllu því sem er brátt en hitt þarf að bíða. Þetta veldur því að álagið á bráðþjónustuna verður meira og við vorum undirmönnuð fyrir,“ segir María. Sjúklingar þurfa að bíða heima

„Við sinnum öllu því sem er brátt en hitt þarf að bíða. Þetta veldur því að álagið á bráðþjónustuna verður meira og við vorum undirmönnuð fyrir.“

María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans

eftir að komast inn. María segir áhættumat vera gert á fólki og að farið sé vandlega yfir það áður en fólk sé útskrifað. „Þetta er grafalvarlegt mál og geðsjúkdómur geta verið banvænir,“ segir hún.

María segist ekki hafa trúáð því að deilan myndi standa svo lengi. Enginn hjúkrunarfræðingur hefur sagt upp á sviðinu vegna verkfallsins en hún segist vita til þess að



MARÍA EINISDÓTTIR FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

margir séu að hugsa sér til hreyfings. „Ég held að almenningur virði störf hjúkrunarfræðinga en ég held að stjórnmalamenn skorti skilning.“

- vh



Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 - 220 Hafnarfjörður - Sími 510 0800 - Fax 510 0809 - Netfang hlif@hlif.is

Félagsfundur

Fundur verður haldinn miðvikudaginn 10. júní 2015 kl. 17:30 í Félagsheimili Vlf. Hlífar að Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði

Dagskrá:

1. Kynning á nýjum kjarasamning á almennum markaði.
2. Önnur mál.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og kynna sér efni nýrra kjarasamninga.

Mætum stundvíslega.

Stjórn Vlf. Hlífar



TAKK FYRIR ÓGLEYMANLEGAN DAG

VIÐ ÞÖKKUM ÖLLUM SEM TÓKU ÞÁTT
Í **THE COLOR RUN BY ALVOGEN** FYRIR
LITSKRÚÐUGAN OG ÓGLEYMANLEGAN DAG.

SJÁUMST AÐ ÁRI

FORSALA HEFST FLJÓTLEGA, FYLGSTU MEÐ
OKKUR Á FACEBOOK ÞVÍ UPPSELT VAR Í HLAUPIÐ Í ÁR.

THE COLOR RUN.
BY  **Alvogen**

#THECOLORRUNICELAND

[FACEBOOK.COM/THECOLORRUNISLAND](https://www.facebook.com/thecolorrunisland)

 **Alvogen**

 **NÝHERJI**

 **BROOKS**

 **bai**

SAFFRAN

AFNÁM GJALDEYRISHAFTA



Aðeins tvær mögulegar leiðir gagnvart slitabúum föllnu bankanna við losun fjármagnshaftanna:

Stöðugleikaskilyrði eða stöðugleikaskattur

Sigurður Hannesson og Benedikt Gíslason, sem báðir eiga sæti í haftahópi ríkisstjórnarinnar, kynntu tillögurnar á fundinum í gær. Þeir sögðu að aðeins væru tvær leiðir mögulegar gagnvart slitabúum föllnu bankanna við losun fjármagnshaftanna; stöðugleikaskilyrði og stöðugleikaskattur.



SÉRFRÆÐINGARNIR Sigurður Hannesson og Benedikt Gíslason lögðu ríka áherslu á að með aðgerðunum yrði tekið heildstætt á vandanum og ekkert eftirlegufé yrði til staðar.

Slitabúin hafa til áramóta til að uppfylla stöðugleikaskilyrðin, sem felast í greiðslu stöðugleikaframlags, endurfjármögnun lána, skilyrtu skuldabréfi, afkomuskiptasamningi, innláni í skuldabréf og framsali krafna.

Náist það ekki verður settur á þau stöðugleikaskattur og fer álagning fram 15. apríl 2016. Hann nemur 39 prósentum af stöðu búanna í árslok 2015.

„Auðvitað hefur það ýmsa kosti ef menn að eigin frumkvæði upp-

fylla öll þau skilyrði sem talin eru nauðsynleg til að réttlæta afléttingu hafta,“ sagði Sigmundur Davíð

Gunnlaugsson forsætisráðherra í gær. „Það einfaldar málið á ýmsan hátt, þannig að það væri mjög góð

Sex þættir stöðugleikaframlags

1) Greiðsla beins framlags	Greitt í íslenskum krónum í reiðufé í formi skuldabréfs til ríkissjóðs.
2) Endurfjármögnun lána	Endurgreiðsla á gjaldeyrislánum ríkissjóðs og SÍ til nýju bankanna.
3) Skilyrt skuldabréf	Með fjársópsákvæði sem þekur kröfur og önnur réttindi sem ekki er hægt að framselja beint til ríkisins.
4) Afkomuskiptasamningur	Skiptasamningur vegna heildarafkomu nýju bankanna. Afkrasturinn rennur beint í ríkissjóð.
5) Innlán í skuldabréf	Gjaldeyrisinnlánum breytt í staðlaða skuldabréfafjármögnun til langs tíma.
6) Framsal krafna	Framsal innlendra krafna til Efnahagsreiknings Seðlabankans þar sem nafnvirði er umtalsvert hærra en bókvirt virði.

niðurstaða að okkar mati. Gangi það hins vegar ekki eftir þá teljum við hina niðurstöðuna góða líka,

það er að segja álagningu skattsins. Hvort sem verður þá verðum við mjög sátir við það.“ - kóp

Haftalosun í þremur liðum

Oddvitar ríkisstjórnarinnar kynntu í gær aðgerðaáætlun um losun hafta. Lýtur að slitabúum gömlu bankanna, aflandskrónum og uppbyggingu raunhagkerfis. Heildarumfang aðgerðanna nemur 1.200 milljörðum króna.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra kynntu í gær aðgerðaáætlun um losun hafta. Heildarumfang aðgerðanna nemur 1.200 milljörðum króna, en það sem lýtur að slitabúum gömlu bankanna nemur 900 milljörðum króna. Afgangurinn snýr að aflandskrónum.

Aðgerðaáætlunin er þríþætt, eins og sjá má hér til hliðar, en með henni er ætlað að losa um gjaldeyrishöftin sem hafa verið við lýði í sjö ár.

Stóru línurnar felast annars vegar í stöðugleikaskatti sem lagður verður á slitabúin hafi þau ekki náð nauðasamningum fyrir áramót. Skatturinn nemur 39 prósentum og tekur gildi 15. ágúst 2016 og þarf að hafa verið greiddur að fullu 31. ágúst sama ár.

Vilji kröfuhafar komast hjá skattlagningu þurfa þeir að ná nauðasamningum sem uppfylla stöðugleikaskilyrði sem fram koma í lögum sem lögð voru fram á Alþingi í gær. Í skilyrðunum felst meðal annars að slitabúin þurfa að greiða stöðugleikaframlag og endurgreiða neyðarlán frá ríkinu.

Stöðugleikaframlagið tekur tillit til framtíðarmatsbreytinga á innlendum eignum slitabúanna, en þær geta aukist um allt að 200 milljarða á næstu tveimur árum.


Þríþættur vandi – þríþætt lausn

- Slitabú fallinna fjármagnsfyrirtækja – Stöðugleikaskilyrði/ stöðugleikaskattur
- Aflandskrónur – Uppboðsleið og endurfjárfestingar
- Raunhagkerfið – Aukið frelsi, varúðarreglur og fjárfestingarheimildir

Það hefði að óbreyttu veruleg neikvæð áhrif á greiðslujöfnuð.

Ólíklegt er að til greiðslu skattsins komi því vilji kröfuhafanna stendur til að ná samningum. Skatturinn nemur samtals 850 milljörðum króna.

Sigmundur Davíð sagði á kynningunni í gær að þessi mál gætu haft raunveruleg og mikil áhrif á daglegt líf fólks, enda eru upphæðirnar af þeirri stærðargráðu að verulegu máli skiptir fyrir ríkissjóð. Aflandskrónuvandi að upphæð 300 milljarðar króna verður leystur með einkisuppbóði og endurfjárfestingu í innlendum fjármálagerningum. Í kynningunni kom fram að tíu fagfjárfestar eiga meirihluta aflandskrónanna, en gjaldeyrisuppbóð Seðlabankans hefðu dregið verulega úr stærð aflandskrónuvandans sem nú væri 300 milljarðar í stað 600.



FÖGNUM Mikil gleði ríkti hjá oddvítum ríkisstjórnarinnar og starfsfólki ráðuneytanna eftir kynninguna í gær. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson brosir hér blítt til Lindu Alfreðsdóttur, starfsmanns forsætisráðuneytisins, á meðan Már Guðmundsson seðlabankastjóri fylgist með.



Í þriðja lagi verður raunhagkerfið styrkt meðal annars með því að lífeyrissjóðunum gefst færi á að fjárfesta erlendis fyrir allt að tíu milljarða króna á ári.

SÉRTILBOÐ

Frá kr. **69.900** m/morgunmat

Albir

14. júní í 7 nætur

Hotel Sun Palace Albir

Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 85.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Stjórnarandstaðan segir áætlunina byggða á gömlum hugmyndum:

Stjórnarandstæðingar fagna

Áætlun um afnám gjaldeyrishafta kom til umræðu á Alþingi á gær undir liðnum óundirbúinn fyrirspurnartími. Þeir stjórnarandstæðingar sem þar tóku til máls lýstu sig í meginatriðum ánægða með áætlunina, þótt margir teldu sig kannast við ýmislegt í henni frá aðgerðum fyrri ríkisstjórnar.

Ég kvaddi mér hljóðs vegna þessara nýju frumvarpa sem við munum ræða bráðlega. Fyrst vil ég segja að ég fagna mjög því að þau séu komin fram.

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata

Ríkisstjórnin hefur nú kynnt tillögur sem er ætlað að greiða fyrir losun gjaldeyrishafta og ég vil af því tilefni segja að þær líta betur út en maður þorði að vona við fyrstu sýn. Við í Samfylkingunni könnumst við ýmsa þætti þar.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar

Ég vil byrja á að fagna þessum frumvörpum. Mér finnst þau góð og líta vel út, a.m.k. við fyrstu sýn, og vera mjög í samræmi

við þær áherslur sem við í Bjartri framtíð höfum lagt í þessu máli.

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar

Mér líst í aðalatriðum vel á þetta og ég held að þessi vinna hafi þroskast vel. Þetta byggir auðvitað í grunninn á áætluninni frá 2011, eins og seðlabankastjóri tók fram á blaðamannafundinum, og þó kannski einkum og sér í lagi á þessari afdrifaríku lagasetningu 12. mars 2012 um að færa eignir búanna bak við höftin.

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna

UP! HAF

VW Up! frá aðeins:
1.790.000 kr.



Litli borgarbíllinn með stóru kostina.

Komdu í reynsluakstur á nýjum Volkswagen Up! og láttu hann koma þér á óvart.

Við verðum illa svikin ef hann verður ekki fljótlega í uppáhaldi hjá þér.



Das Auto.

AFNÁM GJALDEYRISHAFTA

Ósátt við litla kynningu:
Eftir er að semja
við Alþingi



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra vonast til að frumvörp um afnám gjald-eyrishafta verði til þess að liðka almennt fyrir þeim hnút sem er á þinginu núna, þá getur eitthvað nýtt orðið til að sprengja það upp og losa um allt saman. Það væri ekki verra ef þetta hefði þau áhrif, að minnst kosti kæmi mér mjög á óvart ef stjórnarandstaðan vildi fara í mikið málþöf í þessu máli.

„Oft þegar staða er orðin læst, eins og við horfum upp á í þinginu núna, þá getur eitthvað nýtt orðið til að sprengja það upp og losa um allt saman. Það væri ekki verra ef þetta hefði þau áhrif, að minnst kosti kæmi mér mjög á óvart ef stjórnarandstaðan vildi fara í mikið málþöf í þessu máli.“



Róbert Marshall, þingmaður Bjartrar framtíðar, vakti athygli á því hve litla kynningu stjórnarandstaðan fékk á málinu, aðeins hálf tíma fund fyrir blaðamanna-fundinn, sem auk þess þurfti að ganga eftir að fá. **Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir**, þingmaður Vinstri grænna, tók undir það.

„Í ljósi þess að málið er svona stórt og umfangsmikið eins og það er, þá gafst ekki færi á að spyrja nema örfárra spurninga.“



Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, var einnig ósátt.

„Staðan í gærkvöldi var þannig að það átti að kynna haftafrumvörpin fyrir þingflokki stjórnar-flokka, þingflokki fram-sóknar- og sjálfstæðismanna, en ekki fyrir þingflokki stjórnar-andstöðunnar.“

Búið að ræða við kröfuhafa

Stærstu kröfuhafar föllnu bankanna eru sáttir við þau stöðugleikaskilyrði sem kynnt voru í gær. Samningar langt komnir. Ólíklegt að nokkur velji að greiða stöðugleikaskattinn. Viljum þá leið, segir fjármálaráðherra.

Fulltrúar stærstu kröfuhafanna í slitabú gömlu bankanna hafa sent fjármála- og efnahagsmálaráðherra viljayfirlýsingu um að þeir undirgangist 900 milljarða stöðugleikaskilyrði. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir ekki rétt að einblína á hvor leiðin verði fyrir valinu, skilyrðin eða skatturinn, fyrst og fremst sé verið að fást við greiðslufarnaðarvanda.

„Það væri að vissu leyti mjög ákjósanlegt ef slitabúin myndu ljúka sínum málum með gerð nauðasamninga, en þá verða þau líka að uppfylla stöðugleikaskilyrðin,“ segir Bjarni.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að samningar séu komnir mjög langt og kröfuhafar muni velja leið stöðugleikaskilyrðanna. Þeir þurfa þó að leita samþykkis kröfuhafafundar, en ólíklegt er að nokkur velji að greiða stöðugleikaskattinn.

„Þetta er ekki spurning um að nauðasamningar séu komnir langt, það er náttúrulega svolítið síðan það gerðist,“ segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri. „Þetta er spurning um það hversu langt menn séu komnir í það að sníða sína lausn að þessum stöðugleikaskilyrðum. Það verður upplýst um það þegar það verður upplýst um

það. En það er þróun þar í gangi sem gæti verið jákvæð.“

Fjármálaráðherra segir að rætt hafi verið við hóp lykilkjöfuhafa.

„Okkar ráðgjafar hafa fyrir nokkru síðan kynnt fyrir þróunum hópi lykilkjöfuhafa þau áform okkar að leggja á skatt og hafa kynnt fyrir þeim á hvaða rökum þau áform eru reist. Um leið var því lýst yfir að við værum reiðubúin til að greiða fyrir gerð nauðasamninga ef það væri eitthvað í lagalega umhverfinu sem gæti hjálpað til í því efni. Það má segja að það birtist núna í þessu lagafrumvarpi, hvað við erum tilbúin til að gera í því efni, en við höfum þá líka sagt að ef nauðasamningsleiðin er farin, þá þurfum við að ná sömu markmiðum.“

Bjarni segir stjórnvöld aldrei hafa verið tilbúin til þess að semja um þau markmið, en verið reiðubúin til að útskýra í hverju þau séu fólgin.

„Samtalið hefur að einhverju leyti hjálpað til við að finnússa, eða þróa, stöðugleikaskilyrðin. Þar er að einhverju leyti tekið tillit til þess hvað er líklegt og æskilegt fyrir slitabúin að gera, hvað varðar bindingu fjármuna inni í landinu, lengingu lána og svo framvegis.“

kolbeinn@frettabladid.is



FJÖLMENNUR FUNDUR Fjöldi fólks lagði leið sína í Hörpu til að hlusta á oddvita ríkisstjórnarinnar, seðlabankastjóra og sérfræðinga kynna áætlun um afnám hafta. Par á meðal voru aðrir ráðherrar og að sjálfsgöðu margir fréttamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



“Samtalið [við kröfuhafana] hefur að einhverju leyti hjálpað til við að finnússa, eða þróa, stöðugleikaskilyrðin.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.

Krónur sem teknar eru úr umferð mega ekki pumpast út í hagkerfið og auka þannig þrýsting:

Má ekki verða tekjuöflun fyrir ríkissjóð

Rík áhersla var lögð á það í gær að þeir fjármunir sem skapast við stöðugleikaskilyrðin séu ekki tekjur fyrir ríkissjóð. Már Guðmundsson seðlabankastjóri undirstrikaði það.

„Það er mjög mikilvægt, eins og ég undirstrikaði í mínum aðfararorðum, og eins og er gert grein fyrir í greinargerðinni með stöðugleikaskattsfrumvarpinu, að þessar krónur sem eru teknar úr umferð og ekki leita útgöngu, þær mega ekki leita aftur út í hagkerfið vegna þess að þá setja þær þrýsting á verðlag og gengið eftir annarri leið.“

Már sagði að ráðstöfun fjármunanna þyrfti að samrýmast stöðugleika. Ef ætti að nýta fjármunina umfram það að greiða niður skuld ríkissjóðs við Seðlabankann væri hægt að horfa til lækkunar skulda og bættar eignastöðu ríkissjóðs, með þeim hætti að peningamagn pumpast ekki út í hagkerfið.

„Það má alls ekki gerast, vegna

þess að þá erum við að grafa algjörlega undan tilgangi aðgerðanna.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir að fjármunirnir muni í grófum dráttum hafa tvenns konar megináhrif.

„Annars vegar verður þessu fjármagni fyrst og fremst varið til að verja efnahagslegan stöðugleika, gjaldmiðilinn og koma í veg fyrir verðbólgu og annan efnahagslegan stöðugleika og þrýsting á það að verðmæti renni úr landinu.“

Hins vegar mun þetta náttúrulega draga verulega úr vaxtabyrði ríkissjóðs og það gerir ríkið betur í stakk búið til að sinna öllum mögulegum hlutverkum. Það má í rauninni segja að með því sé verið á vissan hátt að leiðrétta það sem fór úrskeiðis og setja ríkið aftur á þann stað sem það ætti með réttu að vera, hvað varðar getu þess til að halda uppi þjónustu við borgarana.“

- kóp



“Það er mjög mikilvægt [...] að þessar krónur sem eru teknar úr umferð og ekki leita útgöngu, þær mega ekki leita aftur út í hagkerfið.

Már Guðmundsson, seðlabankastjóri



“Það má í rauninni segja að með því sé verið á vissan hátt að leiðrétta það sem fór úrskeiðis og setja ríkið aftur á þann stað sem það ætti með réttu að vera.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra

Viltu meðhöndla liðverkin án þess að taka töflur?

Prófaðu að meðhöndla liðverkina með Voltaren geli.



Lyfjaauglýsing


150g

50% meira magn!

Inniheldur 11,6 mg af dikklofenakvetyláminu. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiddi í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetylísalísýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsaklæða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetylísalísýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota á handa börnum og unglungum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á hella og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúð, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljósi, notkun samhlíða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæði með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hættu á meðferð ef úbrott koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á atælkum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umbóð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.



Jafnlaunaúttekt
PwC
2015



Lausn í góðu jafnvægi

Actavis og Medis á Íslandi hlutu á dögunum gullmerki jafnlaunaúttektar PwC

Við erum stolt af þessari mikilvægu viðurkenningu á starfi okkar í jafnréttismálum og á því hvernig við framfylgjum stefnu okkar um að greiða sömu laun fyrir sambærileg störf óháð kyni. Konur eru rúmlega 60% starfsmanna hér á landi og svipað hlutfall kvenna er í stjórnunarstöðum. Þá er starfsstöð Actavis á Íslandi aðili að Jafnréttissáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Actavis er eitt af stærstu þekkingarfyrirtækjum landsins með um 700 starfsmenn hér á landi. Á Íslandi er mikilvægasta alþjóðlega þróunareining samstæðunnar utan Bandaríkjanna, skráningarsvið sem ber ábyrgð á skráningum og viðhaldi markaðsleyfa út um allan heim og öflug framleiðslueining. Einnig er hér starfsemi á sviði alþjóðlegra gæðamála, fjármála og sölu- og markaðsmála. Þá eru hér á landi höfuðstöðvar Medis sem selur lyf og lyfjahugvit til annarra lyfjafyrirtækja.


Actavis

medis



AFNÁM GJALDEYRISHAFTA

Lífeyrissjóðir fá að fjárfesta erlendis

Stefnt er að því að lífeyrissjóðir fá að fjárfesta fyrir um tíu milljarða króna erlendis árlega. Framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða telur að best væri ef hlutfall erlendra eigna lífeyrissjóðanna hækkaði en til þess þarf upphæðin að hækka.

Stefnt er að því að lífeyrissjóðir fá heimild til að fjárfesta fyrir tíu milljarða íslenskra króna erlendis árlega. Leggja á fram frumvarp á Alþingi þess efnis næsta vetur. Þetta staðfestir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra en Seðlabanki Íslands mun að óbreyttu einnig þurfa að veita lífeyrissjóðunum undanþágu frá gjaldeyrishöftum.

Bjarni segir að í kjölfar gjald-eyrisuppbóðs fyrir aflandskrónu-eigendur næsta haust sé stefnt að því að stíga næstu skref í afnámi gjaldeyrishafta gagnvart innlendum aðilum. „Þá er hugsunin að næsta skref verði að liðka fyrir losun hafta m.a. gagnvart lífeyrissjóðunum,“ segir hann.

Bjarni segir að upphæðin, um tíu milljarðar á ári, sé um það bil sú fjárhæð sem þurfi til að viðhalda núverandi hlutfalli erlendra eigna í eignasafni þeirra.

Bjarni segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort heimildir lífeyrissjóðanna verði rýmk- aðar umfram tíu milljarða á ári næstu árin. „Þetta væri fyrsta skref og svo myndum við meta framhaldið.“

„Þetta er mjög jákvætt skref,“ segir Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, en bæti við að lífeyrissjóðir þurfi að fá að fjárfesta fyrir meira en tíu milljarða á ári eigi hlutfall erlendra eigna þeirra að fara hækkaði.

Hlutfall erlendra eigna lífeyrissjóðanna af heildareignum nam 24 prósentum um síðustu



ÁÆTLUNIN KYNNT Sigurður Hannesson og Benedikt Gíslason kynntu áætlun stjórnvalda um afnám gjaldeyrishafta í Hörpu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÞÓREY S. ÞÓRÐAR-
DÓTTIR

Þórey segir það skipta miklu máli fyrir almenning að lífeyrissjóðir fá að fjárfesta erlendis því stór hluti af neysluvörum Íslendinga sé inn-

aramót en hlutfallið fór hæst í ríflega 30 prósent fyrir bankahrun. Þórey telur ákjósanlegt að hlutfallið fari hækkaði.

„Þetta snýst fyrst og fremst um áhættudreifingu. Að vera ekki með svona stóran hluta af lífeyrissparnaði allan í íslensku hagkerfi þegar við erum óneitanlega mjög háð öðrum löndum. Við viljum geta flutt inn erlendar vörur og ferðast erlendis,“ segir hún.

ingvar@frettabladid.is

Lánakjör allra gætu batnað verulega



GÍSLI HAUKSSON

„Ef þetta verður niðurstaðan held ég að það sé alveg ljóst að fjárhagur ríkissjóðs er að fara að gjörbreytast og Ísland mun klárlega fá töluverða hækkun á lánsþæfismati inna tiltölulega skamms tíma,“ segir Gísli Hauksson, forstjóri GAMMA, um möguleika ríkissjóðs í tengslum við uppgjör slitabúa föllnu bankanna. Betra lánsþæfi ríkissjóðs muni skila sér í betri lánakjörum til fyrirtækja og að lokum einstaklinga, að sögn Gísla.

Sterk viðbrögð á markaði



STEFÁN BRODDI
GUÐJÓNSSON

Aðgerðir stjórnvalda vöktu mikil viðbrögð á hlutabréfmarkaði og skuldabréfmarkaði í gær. Öll skráðu félögin á hlutabréfmarkaðnum hækkuðu nema HB Grandi sem lækkaði um 1,56 prósent í 379 milljón viðskiptum. Mest velta var með bréf í Ícelandair, eða 742 milljónir króna og hækkaði gengi bréfa um 1,87 prósent, velta með bréf í Eimskip nam 575 milljónum og hækkaði gengi bréfanna um 2,41 prósent.

Stefán Broddi Guðjónsson, sérfræðingur í Greiningardeild Arion banka, segir að venjulega séu miklar sveiflur í veltu á milli daga, en þegar tíðindi berist sem hafi áhrif á einstök félög eða markaðinn í heild þá sé eðlilegt að viðskipti séu í meira lagi. Þetta geti haft áhrif á verðmyndun bréfa. „Vextir lækka á skuldabréfmarkaði og það hefur áhrif á þá ávöxtunarkröfu sem gerð er á hlutabréfmarkaði,“ segir Stefán Broddi.

Fólk fái að kaupa húsnæði erlendis



SIGURÐUR
HANNESSON

Stefnt er að því að leggja fram frumvarp á komandi þingi sem rýmka mun heimildir einstaklinga gagnvart gjaldeyrishöftum.

„Almenna markmiðið er auðvitað það að almenn- ingur geti í frekara

mæli flutt fjármagn milli landa. Það má gera ráð fyrir því að það verði háð magntakmörkunum til að byrja með eins og verið hefur en smám saman aukist magnið og einnig víkki út í hvað megi verja fjármunum,“ segir Sigurður Hannesson, varaformaður stýrihóps um afnám gjaldeyrishafta. „Það gæti þá kannski tengst fasteignum erlendis og kannski á einhverjum tímupunkti hlutabréfum og slíku,“ bætir Sigurður við.

Forsætisráðherra sagði í viðtali á Sky News að höftin hefðu verið nauðsynleg:

Afnám hafta í heimspressunni

Boðað áætlun um afnám fjármagnshafta var til umfjöllunar í flestum stærstu fjölmiðlum heims, til að mynda hjá BBC, The Guardian, Wall Street Journal, Reuters og AP.

Talsvert hafði verið lagt upp úr kynningu á áætluninni um afnám gjaldeyrishafta á erlendri grundu. Kynningarfundur um áætlunina sem haldinn var í hádeginu var sýndur á netinu í enskri þýðingu.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra útskýrði áætlunir stjórnvalda gagnvart slitabúum og boðaðan stöðugleikaskatt í viðtali á Sky News í gær.

Sigmundur sagði í viðtalinu að reynslan hefði sýnt að gjaldeyrishöftin hefðu komið þeim sem verið hafa innan hafta til góða. Ávöxtun eigna þeirra hér á landi hefði orðið mun meiri en ef höftin hefðu aldrei



Í VIÐTALI Á SKY Forsætisráðherra ræddi afnám fjármagnshafta á Sky News í gær.

MYND/SKY NEWS

verið lögð á. Þá lagði Sigmundur einnig áherslu á að Ísland væri opið fyrir nýja erlenda fjárfestingu. - íf

EINSTÖK TILBOÐ!

GERÐU FRÁBÆR KAUP

WWW.BÍLALAND.IS



Rnr. 142204

GÖNGUM FRÁ
FJÁRMÖGNUN Á
STADNUM

BMW 320i
Nýskr. 06/10, ekinn 69 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.990.000

TILBOÐSVERÐ!
3.290 þús.



Rnr. 102428

OPEL CORSA
Nýskr. 09/12, ekinn 25 þús. km.
dísil, beinskíptur.
Verð áður kr. 2.290.000

TILBOÐ kr. 1.890 þús.



Rnr. 120426

HYUNDAI i30 COMFORT
Nýskr. 12/09, ekinn 93 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.390.000

TILBOÐ kr. 1.890 þús.



Rnr. 282134

HONDA CIVIC SPORT
Nýskr. 03/08, ekinn 136 þús. km.
bensín, beinskíptur.
Verð áður kr. 1.690.000

TILBOÐ kr. 1.390 þús.



Rnr. 282169

KIA SORENTO
Nýskr. 05/08, ekinn 139 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.790.000

TILBOÐ kr. 2.290 þús.



Rnr. 142478

RENAULT MEGANE SP TOURER
Nýskr. 08/12, ekinn 60 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.990.000

TILBOÐ kr. 2.590 þús.



Rnr. 120689

SSANGYONG KYRON
Nýskr. 02/10, ekinn 107 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.790.000

TILBOÐ kr. 2.390 þús.

bílaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

HEIMSPÉKKT HÖNNUN Á FRÁBÆRU VERÐI

Penninn leggur sitt af mörkum til þess að viðskiptavinir geti eignast heimspekktar hönnunarvörur á sérstöku sumarverði til 15. júlí eða á meðan birgðir endast.



Rotary Tray
Þitt verð 6.900 kr.
Hönnun: Jasper Morrison 2014



Eames DSR
Tilboð á öllum litum á lager
Tilboðsverð 37.900 kr.
(verð áður 44.400 kr.)
Hönnun:
Ray og Charles Eames 1950

Eames House Bird
Þitt verð 19.900 kr.



vitra.




Eames DAW
Tilboð á öllum litum á lager.
Tilboðsverð 64.900 kr.
(verð áður 79.900 kr.)
Hönnun:
Ray og Charles Eames 1950



Eames DSW
Tilboð á öllum litum á lager.
Tilboðsverð 49.900 kr.
(verð áður 61.900 kr.)
Hönnun:
Ray og Charles Eames 1950

Ball Clock
Tilboðsverð 29.900 kr.
(verð áður 44.900 kr.)
Hönnun:
George Nelson 1948/60



Önnur hver kona áreitt við vinnu

Ný rannsókn sýnir fram á að 41 prósent einstaklinga í þjónustustörfum hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Konur eru líklegri til að vera áreittar af yfirmönnum og upplifa meiri öryggisskort en karlar. Höfundur rannsóknar segir mikilvægt að rannsaka einnig gerendur.

FRÉTTASKÝRING

Hversu umfangsmikil er kynferðisleg áreitni í þjónustustörfum?

„Þessar nýjustu rannsóknir staðfesta að kynferðisleg áreitni á vinnustöðum er vandamál alls staðar [á Norðurlöndunum],“ segir Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins.

Sambandið, ásamt systursamtökum sínum á Norðurlöndunum, stóð fyrir ráðstefnu um kynferðislega áreitni innan veitinga-, hótél- og ferðaþjónustunnar í gær.

Í tilefni af því lét Starfsgreinasambandið vinna fyrir sig rannsókn um viðfangsefnið.

„Þessi rannsókn er kannski ákveðinn upphafspunktur í þessum málaflokki og það er mikil vinna fram undan við að sporna

við kynferðislegri áreitni. Þetta er auðvitað öryggismál á vinnustaðnum líkt og að á byggingarsvæðum ganga starfsmenn með öryggishjálma,“ segir Drífa.

„Það er mikilvægt að vekja fólk til umhugsunar og setja málið á dagskrá, til dæmis með rannsókn af þessum toga. Það er ljóst að ábyrgð atvinnurekenda er mikil en líka stéttarfélaganna þar sem við berum ábyrgð á trúnaðarmannakerfinu.“

Steinunn Rögnvaldsdóttir, félags- og kynjafræðingur og höfundur rannsóknarinnar, segir að í ljós komi margar sláandi upplýsingar.

„Konur eru líklegari til að upplifa röskun á sinni öryggis-tilfinningu í starfi en karlar,“ segir Steinunn en niðurstöður rannsókn-

arinnar leiða í ljós að 43,4 prósent kvenna segja áreitnina hafa haft mjög eða frekar mikil áhrif á öryggis-tilfinningu sína á móti 0 prósentum karla. Þá segja 70 prósent karla sem hafa orðið fyrir áreitni að það hafi haft mjög lítil eða engin áhrif á öryggis-tilfinningu þeirra.

„Þetta snýst um vald. Reynsluheimur kvenna er þess eðlis að það hallar á þær á fleiri stöðum, til dæmis í gegnum launamun kynjanna, kvennastörf eru minna metin og síðan í gegnum kynferðislega áreitni.“

Þá eru konur líklegari til að verða fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu yfirmanna en karlar, sem verða frekar fyrir áreitni af hálfu viðskiptavina. Áreitni af hálfu yfirmanna hefur meiri áhrif á



DRÍFA SNÆDAL



STEINUNN RÖGNVALDSDÓTTIR

öryggis-tilfinningu að mati Steinunnar.

„Samstarfsmenn og yfirmenn eru líklegri til að umgangast þann sem verður fyrir áreitninni en viðskiptavinir yfirgefa staðinn. Slíkt veldur vanlíðan og hefur mikil áhrif á öryggis-tilfinningu í starfi,“ segir hún.

Þá telur hún eftirtektarvert hve margir verða fyrir kynferðislegri

áreitni af hálfu viðskiptavina.

„Hvað er það í síðferði okkar samfélags sem segir okkur að það sé bara í lagi að beita þjónustufólk kynferðislegri áreitni?“

Hún veltir fyrir sér hvort hjarðhegðun skapi gerendur. „Þetta er mikilvæg spurning en við vitum ekkert um gerendur í þessum málum. Þó að það sé gott að rannsaka þolendur þá þarf líka að rannsaka gerendur. Hverjir eru þeir? Hver eru þeirra mótíf?“ spyr hún en bendir á að það sé ef til vill erfitt að rannsaka þann þátt.


„Maður er varla að fara að biðja fólk að rétta upp hönd ef það hefur áreitt einhvern kynferðislega. Það yrði engin geggjúð svörin í því. Engu að síður þarf að setja meira þúður í það.“

stefanrafn@frettabladid.is


Hvert er umfangið?

■ Konur ■ Karlar ■ Alls


Hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni




Hvernig er birtingarmynd áreitni?





Aldur þegar áreitni á sér stað



Hver er gerandinn?



Hversu mikil áhrif hafði áreitnin á öryggis-tilfinningu?



Pakkaður tilboðsbíll

Volkswagen Transporter á tilboði

Nú býðst Volkswagen Transporter, hlaðinn búnaði, á einstöku tilboðsverði.

VW Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft traustan og áreiðanlegan vinnuþjark sem leysir krefjandi og fjölbreytt verkefni.

Volkswagen Transporter er framhjóladrifinn með fullkominni stöðugleikastýringu og spólvörn. Tilboðsbíllinn kemur meðal annars með fullklæddu flutningsrými, þráðlausu símkerfi, olíumiðstöð og tengi fyrir Mp3 spilara.

Búnaður í tilboðsbíll

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16" stálfelgur og heilkoppar
- Lokað skilrúm með glugga
- ABS / EBV
- ESP stöðugleikastýring og spólvörn
- Hæðarstillanlegt ökumannssæti með 2 armþúðum
- Bekkur fyrir 2 farþega
- Loftþúðar fyrir ökumann og farþega
- Útvarp með geislaspilara
- Tenging fyrir MP3 spilara
- Klukka
- Fullkomin aksturstölv
- Glasahaldari
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- Velti- og aðdráttarstýri
- Klæðning í hliðum
- Webasto olíumiðstöð
- Krossviðsplata á gólf
- Fullkomið þráðlaust símkerfi

Transporter tilboðsbíll kostar aðeins frá

4.270.000 m/vsk

(3.443.548 kr. án vsk)




Atvinnubílar

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík



orkan.is/sumarleikur

Keyrum á afslætti í sumar!



-13kr. í 2 vikur

á Orkunni og Shell

1.000.000

Vinningar að verðmæti milljón krónur



Pátttakendur eiga möguleika á ríflegum endurgreiðslum í formi inneignarkorta, samtals að verðmæti 1.000.000 kr.

Þeim mun víðar um landið sem þú tekur eldsneyti þeim mun hærrí inneign getur þú unnið.

Skipting vinninga: 5 x 100.000 kr. | 5 x 50.000 kr. | 13 x 20.000 kr.



Skráðu **2 vikna tímabil** í sumar á **orkan.is** og fáðu **13 kr. afslátt** á Orkunni og Shell allan þann tíma með kortum og lykklum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

Skráning og nánari upplýsingar á www.orkan.is

Orkulykillinn – *hagkvæmasti ferðafélaginn*



ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRÍ!

Símanúmer þjónustuvers: **578 8800**

Breskir aðilar vonast til að niðurstöður rannsókna nýtist í verkefni um lagningu sæstrengs á milli Bretlands og Íslands:

Rannsóknir vegna lagningar sæstrengs að hefjast

ORKUMÁL Sjávarbotnsrannsókn vegna lagningar sæstrengs á milli Bretlands og Íslands hefst í vikunni og stendur í allt sumar. Félagið sem stendur fyrir rannsókninni er Atlantic Superconnection (ASC); félag breskra fjárfesta sem miðar að því að fjármagna og setja upp sæstreng á milli landanna. ASC hefur fengið sænska hafrannsóknarfyrirtækið MMT til verksins en gefur ekki upp hversu kostnaðarsamt verkefnið er vegna samkeppnissjármiða. Orkustofnun hefur gefið út leyfi fyrir rannsókninni.

Landsvirkjun telur sölu á rafmagni til Evrópu í gegnum sæstreng mjög áhuga-verðan kost enda um mikla fjárhagslega hagsmuni að tefla. Seinagangur heima-vinnu íslenskra stjórnvalda hefur verið nefndur, sem Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefur þvertækið fyrir og segir að aðeins sé verið að vinna nauðsynlega heima-vinnu.

Botnrannsóknir ASC vekja því athygli, en fyrirtækið áréttar að þær komi viðræðum landanna ekki við – þær séu enn þá á óformlegu stigi. Könnun-

in er gerð til að gefa skýrari mynd af mikilvægum tækniatriðum.

Byrjað verður að rannsaka hafsbotninn við Færeyjar, upp með Orkneyjum og Hjaltlandseyjum og þaðan upp að austurströnd Íslands. Síðari hluti rannsóknarinnar fer fram á hafsbotninum á milli Færeyja og suður að norðurhluta Bretlands. Áhætta á röskun lífríkis er talin hverfandi.

Forsvarsmenn ASC eru bjartsýnir á að rannsóknin nýtist vel í verkefninu um sæstreng á milli Íslands og Bretlands.

svavar@frettabladid.is



STRIL EXPLORER Skipið sem mun framkvæma könnunina á milli Færeyja og Íslands heitir Stril Explorer og hefur verið í eigu MMT frá því í fyrra. Um 50 manns munu koma að rannsóknum. MYND/MMA



AUKIN UMFERÐ Miðvikudagur er þyngsti vikudagurinn. MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

1,8 prósentu aukning:

Nýtt met í umferðarþunga

SAMGÖNGUR Umferðarþungi á höfuðborgarsvæðinu jókst um 1,8 prósent í maímánuði í samanburði við maímánuð árið 2014. Þetta er met í umferðarþunga á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt vef Vegagerðarinnar.

Umferðarþungi jókst um 1,5 prósent frá áramótum og gerir Vegagerðin ráð fyrir tveggja prósentu aukningu í ár.

Umferð jókst alla vikudaga nema sunnudaga þar sem umferð dróst saman um 0,8 prósent. Mest varð aukningin á miðvikudögum eða um 4,3 prósent.

- sfs

Skora á innanríkisráðherra:

Vilja að ríkið beri kostnað

HORNAFJÖRÐUR Bæjarstjórn sveitarfélagsins Hornafjarðar skoraði í gær á Ólöfu Nordal innanríkisráðherra að staðfesta að ríkissjóður beri allan kostnað við dýpkun á Grynslunum utan Hornafjarðaróss.

Mikið hefur grynnað á Grynslunum í vetur sem gæti valdið röskun á starfsemi hafnarinnar.

Bæjarstjórnin segir eðlilegt að horft verði til þess að Grynslin séu fyrir utan línu hafnarvæðisins til suðurs og teljist því hluti af Atlantshafinu en ekki Hornafjarðarhöfn.

- þea

ÁRÉTTING

Upplýsingar um hitastig sjávar og átumagn – auk fregna að því að makrill veiddist ekki í rannsóknum Hafrannsóknastofnunar fengust í tveimur rannsóknaleiðangrum í maí, ekki einum eins og segir í forsíðufrétt í gær. Makrill sást ekki í leiðangri sem hafði það markmið að mæla magn og útbreiðslu síldar fyrir austan land og kolmunna sunnan og vestan af landinu. Upplýsingar um hita og átumagn fengust í vorleiðangri Hafró – langtímavöktun á ástandi sjávar, næringarefnum, gróðri og átu á hafsvæðinu við Ísland.

LEIÐRÉTTING

Sagt var í frétt blaðsins í gær að Eykon Energy fái aðgang að höfn í Fjarðabyggð án endurgjalds. Réttara er að segja að fyrirtækið hefur fengið vilýrði fyrir ókeypis aðgangi að hafnarvæði á vegum bæjarins.

Erfið óvissa fram undan

Stjórnarkreppa virðist blasa við í Tyrklandi eftir þingskosningarnar á sunnudag. Að minnsta kosti verður það enginn hægðarleikur fyrir Davotoglu forsætisráðherra að finna samstarfsflokk á þingi. Kúrdar eru samt sáttir.

TYRKLAND Innreið stjórnmalaflokks Kúrda á tyrkneska þingið markar tímamót þar í landi. Salahattin Demirtas, leiðtogi flokksins, segir flokkinn verða fulltrúa allra minnihlutahópa, ekki bara Kúrda.



RECEP TAYYIP ERDOGAN

Allt fram á síðustu ár hafa Kúrdar verið réttlausir að mestu í tyrknesku samfélagi og vart mátt nefna það opinberlega að þeir séu Kúrdar. Þetta hefur þó hægt og rólega verið að breytast og kosningaúrslitin verða að teljast stór áfangi í þá átt.

Mikil óvissa ríkir hins vegar um framhaldið í tyrkneskum stjórnmalum, þar sem enginn flokkur hlaut hreinan meirihluta í kosningunum. Stjórnarmyndunartilraunir verða harla snúnar, ef yfirhöfuð verður reynt að fara þá leið.

Recep Tayyip Erdogan forseti, stofnandi Réttlætis- og þróunarflokksins, fékk þungt högg frá kjósendum á sunnudaginn, þegar hreinn meirihluti flokksins á þingi féll eftir þrettán ár við stjórnvöllinn. Þar með er væntanlega útséð um að Erdogan geti fengið þingið til að samþykkja breytingar á stjórnarskrá landsins, sem áttu að tryggja forsetanum aukin völd.

Kjósendur reyndust ekki svo ginnkeyptir fyrir áróðri Erdogans, sem hefur hamrað á því að andstæðingar sínir séu ýmist fulltrúar hryðjuverkamanna eða andsnúnir guði og góðum síðum.

Sjálfur kom hann hins vegar á óvart þegar úrslitin lágu fyrir með því að viðurkenna niðurstöðuna fyrirvaralaust. „Þjóðarviljinn stendur ofar öllu,“ sagði hann.

Ahmet Davotoglu forsætisráðherra þarf nú að kanna möguleika á samsteypustjórn, en við fyrstu sýn blasa þeir ekki við. Aðrir flokkar á þingi eru aðeins þrjú: Sá fyrsti er Lýðveldisflokkurinn, höfuðandstæðingur Réttlætis- og þróunarflokksins frá stofnun hans árið 2002.

Annar er Þjóðernishreyfingin, flokkur harðsnúinna þjóðernissinna sem fátt bendir til að vilji taka þátt í stjórnarsamstarfi með Davotoglu. Sá þriðji er svo Kúrdaflokkurinn, sem tyrkneskir ráðamenn hafa helst ekki viljað vita af og vart sjáanlegt að þar geti samkomulag orðið um stjórnarsamstarf.

Stjórnmalaskýrendur hafa velt upp þeim möguleika að Davotoglu forsætisráðherra slíti nú að nokkru tengslin við Erdogan forseta, og fái þá frjálsari hendur við stjórnarmyndunartilraunir. Aðrir sjá enga raunhæfa leiki í stöðunni og spá því að boðað verði til nýrra kosninga áður en langt líður. Það sé eina leiðin til að leysa hnútin.

gudstein@frettabladid.is



LEIÐTOGAR KÚRDA Selahattin Demirtas og Figen Yüksedag, sem bæði eru leiðtogar Lýðveldisflokks Kúrda, fögnuðu tímamótaúrslitum að kvöldi kosningadags.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Fjórir flokkar á þingi

Flokkur þeirra Erdogans forseta og Davotoglus forsætisráðherra fékk vel innan við helming þingsæta í kosningunum á sunnudag. Davotoglu þarf því að reyna myndun samsteypustjórnar vilji hann halda völdum.

FJÖLDI ÞINGMANNA

258 Réttlætis- og þróunarflokkurinn

Eins konar breiðfylking íhaldsmanna, íslamista og þjóðernissinna. Stofnaður 2001 af Recep Tayyip Erdogan og Abdullah Gül, hefur haft hreinan þingmeirihluta frá 2002.

132 Lýðveldisflokkurinn

Veraldlega sinnaðir sósíaldemókratar, arftaki flokks Kemals Atatürk. Stofnaður 1992 í núverandi mynd, var lengi vel ráðandi afl.

81 Þjóðernishreyfingin

Upphaflega nýfasistaflokkur en hefur mildast með árunum. Stofnaður 1969.

79 Lýðræðisflokkurinn

Berst fyrir réttindum Kúrda í Tyrklandi. Stofnaður 2012, hefur ekki haft menn á þingi áður.

550 Þingmenn alls sitja á tyrkneska þjóðþinginu.



Í BRUSSEL Fánar aðildarríkja NATO.

Leiðtogi hægrimanna í Svíþjóð vill NATO-umsókn á næsta kjörtímabili:

Svíar sækja um aðild að NATO

SVÍÞJÓÐ Leiðtogi hægrimanna í Svíþjóð, Anna Kinberg Batra, kveðst vonast til að Stefan Löfven forsætisráðherra hlusti á forsætisráðherra Finnlands, Juha Sipilä, sem er opin fyrir aðild að Atlantshafsbandalaginu, NATO.

Í viðtali við Sænska dagblaðið segir Batra að það sé ekkert leyndarmál að sænski hægriflokkur-

inn sé hlynntur NATO-aðild. Hún kveðst vilja áætlun með umræðum um aðild sem byggja á þekkingu og staðreyndum. Hægriflokkurinn sjálfur sér umsókn um NATO-aðild á næsta kjörtímabili. Samkvæmt áliti vinnuhóps hægrimanna er aðild að NATO eini hugsanlegi kosturinn til þess að styrkja öryggi og varnir Svíþjóðar til langs tíma lítið.

Flokkurinn hefur áður lagt til aðild að NATO en nú hefur verið nefndur sérstakur tími fyrir umsókn, það er eftir kosningarnar 2018. Haft verður samráð við systurflokka í aðildarríkjunum NATO, meðal annars Noregi og Þýskalandi, við undirbúning umsóknar sem gjarnan geti vera sameiginleg með umsókn Finna.

- ibs

Úrskurður sænsks dómstóls:

Sýkna vegna morðáætlana

SVÍÞJÓÐ Tvítugur maður í Svíþjóð sem gekk með hníf í töskunni sinni og hafði skrifað niður á blað áætlanir sínar um að myrða þrjú einstaklinga var sýknaður af ákæru um undirbúning fyrir morð. Hinn ákærði hafði leitað upplýsinga á netinu um þekktar raðmorðingja. Hann hafði ekki ritað nein nöfn og ekkert þótti benda til að hann hefði ákveðna einstaklinga í huga.

Faðir hins ákærða taldi fyrst að skrif sonarins væru bara bull en þegar hann sá hnífinn ákvað hann að kæra soninn.

- ibs

Bannið besta aðferðin:

Bann við umskurði kvenna

NÍGERÍA Nígeríska þingið samþykkti fyrir skömmu að banna umskurð kvenna.

Lögin voru eitt síðasta verk Goodluck Jonathan, fyrrverandi forseta Nígeríu.

Samkvæmt gögnum UNICEF hafa meira en 130 milljón ungar stúlkur gengið í gegnum umskurð og kynfæraafskræmingu í Afríku og Norður-Afríku.

- sfs

CR-V

HONDA
The Power of Dreams

VEGUR FRAMFARA ER ENDALAUS

BETRI AFKÖST, SPARNEYTNI OG TÆKNI



KOMDU OG KYNNTU ÞÉR NÝJAN HONDA CR-V



www.honda.is



Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Losun á gjaldeyrishöftunum var kynnt í gær:

Samningaleiðin varð fyrir valinu

Ríkisstjórnin kynnti í gær gríðarlega umfangsmikla aðgerðaáætlun um losun gjaldeyrishafta. Áætlunin er þrjúþætt; tekur á slitabúum föllnu bankanna, aflandskrónustabbanum og raunhagkerfinu. Samtals eru 1.200 milljarðar króna undir og því mikilvægt að vel takist til. Og ekki ber á öðru en að ráðamenn hafi hugað að flestu því sem hægt er að fara man á að þeir hugi að í jafn umfangsmiklum aðgerðum og raun ber vitni. Hrósa ber því sem vel er gert og ekki verður sagt annað en að áætlunin sé vel úr garði gerð.

Hún byggir fyrst og fremst á því að samið verði við slitabú föllnu bankanna. Þeim er gefinn frestur á því að uppfylla ákveðin skilyrði, stöðugleikaskilyrði, og hafa til áramóta til þess. Að öðrum kosti verður settur á þau stöðugleikaskattur upp á 39 prósent, sem gæti kostað þau samtals 850 milljarða króna. Það er því eftir nokkru að slægjast fyrir þau að semja.

Raunin er sú að slitabúin hafa verið tilbúin til samninga um allnokkra hríð. Það sem skort hefur er sá rammi sem stjórnvöldum ber að setja um nauðasamningana og hafa nú gert. Ýmislegt hefur spilað þar inn í, enda mörg sjónarmið sem hafa heyrst um hvaða augum eigi að líta eignir kröfuhafa í hina föllnu banka, allt frá því að það séu landráð að semja við kröfuhafana. Sú skoðun hefur ekki síst komið frá fólki tengdu eða í Framsóknarflokknum og jafnvel frá einstaka ráðamönnum hans. Ljóst er að sú leið sem fyrir valinu varð er fjarri þeim hugmyndum.

Gulrót og kylfa, sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, í síðustu kosningabaráttu að væru nauðsynleg tæki í samningana við kröfuhafana. Að einhverju leyti má til sanns vegar færa að aðgerðaáætlunin sé einmitt það. Gulróttin felst í hvata til að semja um stöðugleikaskilyrðin, fara í nauðasamninga. Kylfan birtist svo í stöðugleikaskattinum.

Spurningin er hins vegar sú hvort menn hafi of lengi hallað sér að kylfunni í stað þess að bjóða strax upp á gulrótarsúpu. Það verður fróðlegt að leggja yfir það hver grundvallarmunurinn er á þeirri aðgerðaáætlun sem kynnt var í gær og áætlun um afnám hafta sem var við lýði áður en núverandi ríkisstjórn tók við völdum. Vonandi er munurinn gríðarlegur og ávinningurinn það mikill að hann réttlæti að ekki hafi verið samið strax, heldur kylfunni sveiflað í tvö ár yfir höfði kröfuhafa.

Í gær bárust hins vegar fregnir af því að kröfuhafar fögnuðu áætluninni. Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, sagði í Kastljósi að það væri mikið ánægjuefni að geta komið til móts við skilyrði ríkisstjórnarinnar. Á sama tíma var Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í Umræðunni í Íslandi í dag og sagði þar að almenningur myndi fljótlega nær hætta að finna fyrir áhrifum haftanna í daglegu lífi. Það er vel, en spurning hvort það hefði getað gerst fyrr.

Svo er það nokkuð sem ágætt væri að hafa í huga að höft verða seint afnumin á meðan íslenska krónan er við lýði. Það er hægt að losa um þau, en seint hverfa þau alveg.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrun Þórsdóttir hrun@stad2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraunu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðalbestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

FRÁ DEGI TIL DAGS

Allt í góðu hér

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson tjáði sig í gær um forsíðu Fréttablaðsins. Forsætisráðherra sagði ekkert hæft í því að óstaðfestar fregnir af stöðugleikaskattinum, sem bárust fyrir helgi, hefðu aukid þrýsting á að herða á höftunum, eins og gert var á kvöldfundi á sunnudag. Málið hefði um nokkurt skeið verið tilbúið til framlagningar og allt væri í góðu. „Það er því ekki rétt sem segir í Fréttablaðinu, að óstaðfestar fréttir sem birtust fyrir helgina hafi kallað á sérstök viðbrögð eða skapað aukinn þrýsting til að afgreiða málið í skyndi,“ sagði Sigmundur Davíð á Facebook. Hann hefur að öðru leyti lítið tjáð sig um fréttirnar sem

birtust fyrir helgi og umræður sem sköpuðust á Alþingi um að þær fréttir hefðu ýtt við mönnum.

Læri að lifa með því

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra gerði það hins vegar í gær við þann sem hér skrifar. Hann sagði enga tengingu á milli lagasetningarinnar á sunnudag og fréttanna í síðustu viku. Hvað lekann varðaði hafði hann þetta að segja: „Ég hefði frekar kosið að það væri ekki verið að flytja fréttir af því sem væntanlegt væri í frumvörpum ríkisstjórnarinnar. En maður lærir að lifa með þessu.“ En þetta var nú útdrúður, við vorum að skoða orð forsætisráðherra.

Gerði það brýnna en ella

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði í gær að vissulega hefði alltaf þurft að afgreiða umrædd lög. „En auðvitað var það kannski eitt af því sem gerði það brýnna en ella,“ sagði hann um fréttaflutninginn, sem forsætisráðherra sagði engin áhrif hafa haft. Umrætt frumvarp var unnið í Seðlabankanum, í samvinnu við fjármála- og efnahagsmálaráðuneytið, og þaðan fór það til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis á sunnudag og varð síðan að lögum síðar um kvöldið.

kolbeinn@frettabladid.is

Kolbeinn Óttarsson Proppé

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Afnám hafta er hafið

FJÁRMÁL



Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra

Fyrir síðustu kosningar voru tvö af helstu kosningamálum Framsóknarflokksins að leiðrétta fasteignaskuldir heimilanna og aflétta höftum þannig að svigrúm skapaðist til að verja og bæta efnahagslega stöðu landsmanna.

Sigmundur Davíð hefur ætíð haldið því fram að svigrúmið væri til staðar en að leita þyrfti allra leiða til að hámarka það og ekki gefa neina afslætti. Nú er þetta orðið staðreynd. Ekki er um að ræða 300 milljarða, heldur hátt í 1.000 milljarða króna sem þetta svigrúm mun reynast.

Vandinn í sinni einföldustu mynd er að í slitabúum föllnu fjármálafyrirtækjanna eru gríðarlegar eignir. Þessar eignir vilja eigendur þeirra flytja úr landi í formi gjaldeyris. Á Íslandi er ekki til nægur gjaldeyrir til að þessir 1.200 milljarðar (erlenda snjöhengjan) geti farið úr landi.

Áætlun stjórnvalda tryggir að almenningur á Íslandi og íslensk fyrirtæki munu ekki bera auknar byrðar enda er nóg komið. Aðgerðirnar miða að því að koma í veg fyrir hrun íslensku krónunnar og þar með aðra kollsteypu með auknum byrðum á samfélagið. Áætlunin felur því í sér heildstæðar aðgerðir til að taka á vandanum í áföngum, án þess að

→ Áætlun stjórnvalda tryggir að almenningur á Íslandi og íslensk fyrirtæki munu ekki bera auknar byrðar enda er nóg komið. Aðgerðirnar miða að því að koma í veg fyrir hrun íslensku krónunnar og þar með aðra kollsteypu með auknum byrðum á samfélagið.

jafnvægi í hagkerfinu verði raskað og án þess að ríkissjóður eða almenningur taki á sig auknar fjárhagslegar byrðar.

Verið er að leysa risavaxinn vanda sem skapaðist með einu stærsta gjaldþroti heimssögunnar þegar bankarnir þrír féllu. Það að leysa slíkt er almennt erfitt, hvað þá innan eins minnsta hagkerfis Evrópu. Skuldir fjármálakerfisins eru rót vandans og klluðu á höftin.

Til að klára þetta mál þurfti kjark, gott fólk og trú á að verkefnið tækist. Það þurfti að horfa út fyrir boxið og á endanum varð til leið sem ekki hefur áður verið farin. Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hafði trú á verkefninu, skildi mikilvægi þess fyrir íslenskt samfélag og nú sjáum við fyrstu skrefin að nýjum tímum tekin.

Mönnun til framtíðar eða viðvarandi neyðarástand?

Nú ríkir gríðarlega alvarlegt ástand í heilbrigðiskerfi okkar Íslendinga. Verkfall hjúkrunarfræðinga hefur nú staðið í hátt í tvær vikur með þeim afleiðingum að dregið hefur verulega úr þjónustu við sjúklinga. Það hefur áhrif á líðan þeirra og meðferð auk þess að valda þeim auknum kvíða og áhyggjum. Við hjúkrunarfræðingar höfum líka áhyggjur af skjólstæð-

KJARAMÁL



Ólafur G. Skúlason
formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

ingum okkar og höfum í verkfallinu gert það sem í okkar valdi stendur til að tryggja öryggi þeirra með því að veita allar þær undanþágur sem teljast nauðsynlegar. Við höfum líka áhyggjur af framtíð hjúkrunarstéttarinnar og íslenska heilbrigðiskerfisins.

Markmið hjúkrunarfræðinga með þessari baráttu er að tryggja Íslendingum öflugt heil-

brigðiskerfi til framtíðar með virkri þátttöku hjúkrunarfræðinga. Nú þegar er skortur á hjúkrunarfræðingum og ekki næst að manna þær stöður sem eru í boði. Við blasir enn meiri skortur, það mikill að sú lágmarksmönnum hjúkrunarfræðinga sem er í gildi í verkfallinu verður raunmönnum dagsdaglega í framtíðinni. Þá ríkir hér viðvarandi neyðarástand. Það má ekki gerast.

Hryggjarstykkið

Víða erlendis eru hjúkrunarfræð-

ingar taldir hryggjarstykkið í uppbyggingu heilbrigðiskerfa. Sýnt hefur verið fram á að góð hjúkrun dregur bæði úr dánartíðni sjúklinga og fylgikvillum sjúkráhúslegu ásamt því að legutími sjúklinga styttest. Góð mönnun hjúkrunarfræðinga er því bæði kostnaðarlega hagkvæm og sjúklingum til góða. Þetta verða ráðamenn landsins að skilja.

Semja þarf um nauðsynlegar launahækkunar fyrir hjúkrunarfræðinga. Það eitt tryggja að þeir velji að starfa við fagið sem þeir

→ **Markmið hjúkrunarfræðinga með þessari baráttu er að tryggja Íslendingum öflugt heilbrigðiskerfi til framtíðar með virkri þátttöku hjúkrunarfræðinga.**

hafa menntað sig til og að þeir velji að starfa við hjúkrun á Íslandi til framtíðar. Hjúkrunarstarfið þarf að vera samkeppnishæft við aðrar starfsstéttir til að tryggja hér öfluga og örugga heilbrigðisþjónustu til framtíðar.

Blinda og dauði á biðlistum

Skortur á fé til heilbrigðisþjónustunnar og sein viðbrögð stjórnvalda við lausn verkfalla í heilbrigðisþjónustunni valda því að sjúklingum á biðlistum bíður ótímabær dauði, jafnframt bíður augnsjúklingum með alvarlegan hrörnunarjúkdóm hratt vaxandi sjóndepurð og blinda, ef Alþingi (fjárveitingarnefnd) veitir

KJARAMÁL



Ólafur Ólafsson
fv. landlæknir

ekki fé til kaupa á tilteknum lyfjum. Erlendar rannsóknir sýna að 10-15% sjúklinga deyja á löngum biðlistum, t.d. hjartabiðlistum. Engin gögn eru til um slíkt brot á heilbrigðisþjónustunni síðan við tókum upp almennar tryggingar fyrir 70 árum. Fleiri dæmi mætti nefna. Ég er sammála land-

lækni um að þessu ógnvekjandi og lífshættulega ástandi verður að ljúka nú þegar. Stjórnvöld verða að bregðast við verkfalli heilbrigðisstétta.

Alþingi getur áreiðanlega fundið leiðir sem ekki valda fólki lífshættu og komið þannig í veg fyrir að valda fólki blindu og dauða. Alþingi getur áreiðanlega fundið aðrar sparnaðarleiðir sem ekki valda fólki blindu eða öðru verra.

Réttur sjúklinga

Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands hefst 76. grein á þessum orðum: „Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika.“ Í ljósi verkfalla á Landspítalanum undanfarið hlýtur að hvarfla að hverjum manni: Er þessi orð í stjórnarskránni einhvers virði?

KJARAMÁL



Hinrik A. Hansen
krabbameinsjúklingur

sem sjúklingar hérlendis hafa búið við í bráðum tvo mánuði. Læknar hafa vikum saman lýst því hörmulega ástandi sem ríkir á spítölum landsins. Vandaðir menn eins og forstjóri Landspítalans og landlæknir hafa lýst ástandinu vel og skilmerkilega.

Af hverju er ekki hlustað?

Nánast 7.000 myndgreiningarannsóknir bíða ásamt tugum þúsunda blóðsýna. „Það er ekki beðið um þessar rannsóknir að ástæðulausu og þegar vantar upplýsingar sem þær veita þá höfum við ekki alla myndina. Áhyggjurnar eru að við gætum verið að missa af einhverju hjá fólki,“ segir forstjóri Landspítalans. Um 3.200 komum á dag- og göngudeildir hefur verið frestað sem og vel á annað hundrad hjartapræðingum, auk þess sem áhrif á fæðingarþjónustu og á starfsemi blóðbanka eru mikil. Landlæknir er mjög skýr í sínum málflutningi og segir öryggi sjúklinga ógnað og að þessu ástandi verði að ljúka strax. Af hverju er ekki hlustað á orð forstjóra Landspítala, landlæknis og þeirra fjölmörgu sérfræðinga sem hafa tjáð sig um þessi mál?

Nú þegar hjúkrunarfræðingar hafa farið í verkfall er ástandið með öllu óverjandi. Og það er aðeins

→ **Við sem þjód verðum að finna leið þar sem heilbrigðisstarfsmenn eru ekki settir í þá ómurlugu stöðu að þurfa að neita sjúklingum um aðstoð.**

tvennt sem getur stöðvað þetta ástand. Að samningsaðilar nái samningum strax, eða að Alþingi Íslendinga stöðvi verkfallið með lögum nú þegar. Engin önnur leið er fær. Þessu ástandi verður að ljúka án tafar.

Við sem þjód verðum að finna leið þar sem heilbrigðisstarfsmenn eru ekki settir í þá ómurlugu stöðu að þurfa að neita sjúklingum um aðstoð. Að óbreyttu mun þetta ástand endurtaka sig þegar stéttarfélag nota neyð sjúklinga á spítölum landsins til að sækja launahækkunar fyrir sína félagsmenn. Finna þarf leið sem tryggir betri kjör heilbrigðisstétta og án þess að núverandi ástand geti endurtekið sig. Finna má dæmi um þetta hjá starfsstéttum sem vinna fyrir hið opinbera, hér á landi og erlendis.

Það getur enginn Íslendingur réttlætt það ástand sem sjúklingar þessa lands búa nú við. Hve margir þurfa að deyja áður en gripið er til aðgerða?

Þriðja aflið

Auk hins opinbera geira og viðskiptageirans samantendur samfélag okkar af þriðja geiranum. Ólíkt hinu opinbera og fyrirtækjum felast í þriðja geiranum frjáls félagsamtök og sjálfs-eignarstofnanir sem starfa í almannaþágu, reiða sig að miklu leyti á sjálfbodastörf og starfa ekki með hagnadarvon að leiðarljósi. Slík félög sinna hjálparstarfi, umönnun, íþróttum, menningu, vísindum og öðrum mikilvægum verkefnum í samfélaginu.

ATVINNULÍF



Ketill Berg Magnússon
formaður Almannaheilla

aðferðir sem nú eru að ryðja sér til rúms til að mæla hagsæld þjóða gefa visbendingu um að þriðji geirinn eigi jafnvel enn meiri þátt í farsæld þjóða en áður var talið.

Öflugri saman

Frjáls félagsamtök sinna ólíkum verkefnum og starfa hvert með sínum hætti. Almannaheill – samtök þriðja geirans er vettvangur fyrir öll félagsamtök og sjálfs-eignarstofnanir sem vinna að heill ótiltekins fjölda fólks án hagnadarvonar. Öflug regnhlífarsamtök þriðja geirans auka þekkingu og skilning stjórnvalda, fjölmiðla og almennings á hlut sjálfbodaliða með hugsjónir, fórnfýsi og ábyrgt skipulag að leiðarljósi í efnahagslegri og samfélagslegri velferð okkar. Því fleiri almannaheillasamtök sem fylkja sér undir merki Almanna-

→ **Pví fleiri almannaheillasamtök sem fylkja sér undir merki Almannaheilla, þeim mun öflugri verður rödd þriðja geirans í samfélaginu.**

heilla, þeim mun öflugri verður rödd þriðja geirans í samfélaginu – þar á meðal gagnvart stjórnvöldum og opinberum stofnunum.

Fundur fólksins

Samtökin Almannaheill eru einn af aðstandendum Fundar fólksins í Vatnsmýrinni 11.-13. júní nk. Þar munu Almannaheill meðal annars efna til málþings um mikilvægi frjálsra félagsamtaka í samfélaginu. Aðalfyrirlesarinn verður Sir Stephen Bubb, framkvæmdastjóri félags stjórnenda sjálfbodastaktaka í Bretlandi. Fundurinn fer fram í Norræna húsinu þann 12. júní kl. 15-17 og er öllum opin.

ERÍKUR HAUKSSON

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON

MATTHÍAS MATTHÍASSON

STEFÁN JAKOBSSON

& ROKKABILLÝBANDIÐ

HEIÐURSTÓNLEIKAR

THE BEATLES

HÁSKÓLABÍÓ 15. ÁGÚST 2015

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á MÍÐI.IS

midi.is PROMO



Framlag til farsældar

Starf félagsamtaka og sjálfbodaliða er ekki tekið með í reikninginn þegar hagtölur hérlendis eru teknar saman. Hlutur þriðja geirans vegur þó þungt í hagtölum þjóða samkvæmt rannsókn Johns Hopkins háskólans, bæði sem hlutfall af vinnuafli þjóða og heildarþjóðarframleiðslu. Nýjar

MERKISATBURÐIR

- 1625** Danir hefja þátttöku í þrjátíu ára stríðinu þegar Kristján 4. ræðst með her inn í Pýskaland.
- 1768** Rannveig Egilsdóttir lýkur ljósmóðurprófi á Staðarfelli í Dölum. Hún er fyrsta menntaða ljósmóðirin á Íslandi.
- 1855** Prentfrelsi er leitt í lög á Íslandi með tilskipun konungs.
- 1877** Rúmenía fær sjálfstæði frá Tyrkjaveldi.
- 1886** Barnastúkan Æskan er stofnuð í Reykjavík.
- 1941** Guðrún Á. Símonar, síðar óperusöngkona, kemur fram í fyrsta skipti með hljómsveit Bjarna Böðvarssonar.
- 1957** Björn Pálsson sjúkraflugmaður fer í frægðarflug til Scoresbysunds á Grænlandi og sækir þangað tvær sængurkonur. Flugvélin var á skíðum.
- 1958** Kvikmyndin Vertigo eftir Alfred Hitchcock er frumsýnd.
- 1964** Verkamannasamband Íslands er stofnað.
- 1965** Keflavíkurganga á vegum hernámsandstæðinga er gengin frá hliði herstöðvarinnar til Reykjavíkur.
- 1974** Rithöfundasamband Íslands er stofnað.
- 1974** Sverrir Hermannsson flytur lengstu ræðu sem flutt hafði verið á Alþingi og talar í rúmlega fimm klukkustundir.
- 1978** Lík Aldo Moro, sem rænt hafði verið tveimur mánuðum fyrr, finnst sundurskotið í skottinu á bifreið sem lagt er miðja veginni milli skrifstofa kristilega demókrataflokksins og kommúnistaflokksins í Róm.
- 1982** Hrafnhildur Valbjörnsdóttir og Guðmundur Sigurðsson sigra á fyrsta Íslandsmótinu í vaxtarrækt, sem haldið var í Reykjavík.
- 1992** Áætunarflugi með Fokker F27 flugvélu lýkur á Íslandi, en það hafði staðið í nærfellt þrjátíu áratugi. Við tóku Fokker 50 flugvélar.

Systkini opna sýningu

Meðal verka á sýningunni Fimir fingur eru kríur úr þorskhausbeinum, útskurður og laufabrauðsjárn en þetta er fyrsta samsýning systkinanna.

Systkinin Óskar Henning Ádal, Fanney og Sigurður Valgarðsbörn opna á morgun sýninguna Fimir fingur í Boganum í Gerðubergi.

Á sýningunni má berja augum fjölbreytta listmuni sem þau systkinin hafa búið til í gegnum árin en þetta er þeirra fyrsta sameiginlega sýning. „Þetta er sú fyrsta og eina, við gerðum þetta bara svona að gamni okkar og þetta kom einhvern veginn til af sjálfu sér,“ segir Óskar Henning glaður í bragði.

Systkinin eru ættuð úr Svarfaðardal og segir Óskar mikið af listhneigðu fólki upprunnið í dalnum og þau eigi því ekki langt að sækja áhugann á listsköpun og handverki.

„Fanney systir mín sýnir myndverk og útskurð, sjálfur hef ég í ára raðir smíðað kríur úr þorskhausbeinum og það eru að minnsta kosti fjörutíu kríur, ýmist sitjandi á steinum eða fljúgandi, á sýningunni,“ segir Óskar og bætir við: „Sigurður bróðir minn er mikill hnífasmíður og einnig smíðar hann laufabrauðsjárn og kleinuþjárn, bæði á hvaltennum og síðan hefur hann smíðað laufabrauðsjárn úr kýrhorni.“

Greinilegt er að systkininum er margt til lista lagt og ekki úr vegi að efna til sýningar á þeim listmunum sem þau hafa skapað í gegnum tíðina. Óskar segir óneitanlega gaman að því að opna sýningu ástamt systkinum sínum og hefur ánægju af handverkinu. „Það er líka gaman að því í ellinni, þegar maður er orðinn fullorðinn, að hafa nóg að starfa.“

Sýningin verður opnuð á morgun klukkan 17.00 í Boganum í Gerðubergi og stendur til 27. september næstkomandi.

gydaloa@frettabladid.is



HÆFILEIKARÍK SYSTKINI Óskar, Fanney og Sigurður eru mikið handverskfólk og opna sýninguna Fimir fingur í Gerðubergi á morgun. MYND/ADSEND

ÚTSKURÐUR Fanney er myndlistarkona og flink í útskurði, hún skar út þessar skeiðar.

KRÍA Óskar sker út kríur úr þorskhausum og sýnir um þrjátíu stykki í Gerðubergi.



HNÍFUR Verk eftir Sigurð sem smíðar hnífa, laufabrauðsjárn og kleinuþjárn. MYND/KRISTÍN ÞÓRA



Látin er systir okkar,
ÓLÖF SESSELJA BJÖRNSDÓTTIR
Asparfelli 6, Reykjavík.

Hún lést 3. maí síðastliðinn á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Systkini hinnar látnu.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
JÓNÍNA ÁRNADÓTTIR
frá Hjalteyri,
Tjarnarbóli 2, Seltjarnarnesi,
er látin.



Póra Sigurbjörnsdóttir
Snjólaug Sigurbjörnsdóttir
Valrós Sigurbjörnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Pórður Valdimarsson
Magnús Guðmundsson
Halldór Guðmundsson



Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir og systir,
VALA INGIMARSDÓTTIR
Einimel 11, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 1. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 10. júní klukkan 13. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á líknardeild Landspítalans.



Bjarni Þórður Bjarnason
Bryndís Líf Bjarnadóttir
Ingimar Jóhannsson
Oddný Ingimarsdóttir
Oddur Ingimarsson
Davíð Ólafur Ingimarsson

Ingimar Stefán Bjarnason
Lillý Valgerður Oddsdóttir
Thorsteinn Jóhannesson
Soffía Valgarðsdóttir



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ELSA BENEDIKTSDÓTTIR
Mánasundi 1, Grindavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 1. júní. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 12. júní kl. 14.00. Þeim sem vildu minnst Elsu er bent á Grindavíkurkirkju, kt. 410272-1489, reiknir. 0143-26-6077.



Sigmar Björnsson
Þórkatla Pétursdóttir
Bjarný Sigmarsson
Bjarki Sigmarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Arnar Ólafsson
Anna Magnúsdóttir



Bróðir okkar og frændi,
HARALDUR JÓNSSON
frá Fremra-Hálsi
í Kjós,

lést þann 3. júní síðastliðinn á hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut. Útförin fer fram frá Áskirkju 19. júní nk. kl. 13.00.



Ósk Jónsdóttir
Ása Jónsdóttir
Jón Þorgilsson
Birna Grímsdóttir

Jenný Jónsdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir
Eyvindur Þorgilsson
Ingi Valtýsson



Þökkum innilega fyrir samúð og hlýhug við andlát eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

SKÚLA ALEXANDERSSONAR
fyrirverandi alþingismanns frá Hellissandi.

Hrefna Magnúsdóttir
Ari Skúlason
Hulda Skúladóttir
Drífa Skúladóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Jana Pind
Viðar Gylfason



Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

ÓLAFS ÁRNASONAR
símaverkstjóra,
Kirkjusandi 1, Reykjavík.

Sérstakar þakkar eru færðar Guðmundi Rúnarssyni og starfsfólki göngudeildar 11C á Landspítala.



Elin Hrefna Ólafsdóttir
Ólafur I. Ólafsson
Kristín H. Ólafsdóttir
Guðmundur H. Ólafsson
Elinborg L. Ólafsdóttir
Aðalheiður S. Kjartansdóttir
Eggert H. Kjartansson
barnabörn og barnabarnabörn.

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir
Helgi Gunnlaugsson
Svandís Sigvaldadóttir
Leiv Tvenning
Knut Vesterdal
Sandra Svavarsdóttir



Elsku eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,
STEINUNN EDDA NJÁLSDÓTTIR
Tröllakór 6,
Kópavogi,

lést á heimili sínu, í faðmi fjölskyldunnar, föstudaginn 5. júní. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju, fimmtudaginn 18. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Karítas og Krabbameinsfélagið.



Hans B. Guðmundsson
Guðmundur Hansson
Elin Rós Hansdóttir
Berglind Íris Hansdóttir
barnabörn, barnabarnabarn og systkini.

Kristín Donaldsdóttir
Birgir Birgisson
Bjarni Ólafur Eiríksson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Gengur yfir landið
Rakel Ósk Snorradóttir gengur yfir landið til styrktar fjölskyldum tveggja félaga sinna úr Hjálparsevit skáta í Garðabæ.
SÍÐA 2

Ofurfæða úr hafinu

“Ein næringarikasta ofurfæða á jörðinni samkvæmt David Wolfe heilsusérfræðingi”

MARINE PHYTOPLANKTON

auk Spirulina og Chlorella

- Ein hreinasta næring sem fyrirfinnst á jörðinni
- Ofi kallað “Gimsteinn hafsins”
- Framleiðir meira en 50% af súrefni jarðar
- Grunn uppspretta af Omega 3 (EPA og DHA)
- Margfaldar orku líkamans
- Jafnar pH gildi líkamans
- DNA eldsneyti



Marine Phytoplankton er sjávar svifþörungur sem lifað hefur í höfum um alla jörð í milljarða ára. Svifþörungurinn ferðast um hafid, framleiðir meira en 50% af súrefni jarðar og býr þar með til aðstæður fyrir nánast allt líf á jörðinni. Þar sem svifþörungurinn er að finna þrífst alltaf líf.

“Mögulega mikilvægasta lífvera jarðar samkvæmt NASA”

Uppruni allrar fæðu



Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Lifandi Markaður, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is og Heimkaup



LAUS VIÐ STERAKREM Sonur Evu þarf hvorki að nota sterakrem né taka kláðastillandi töflur lengur.

FYRIR BÖRN MEÐ EXEM

GENGUR VEL KYNNIR Bioskin Junior er ný vörulína frá Salcura. Hún er sérhönnuð fyrir börn frá þriggja mánaða aldri með exem og þurra húð.

Sumrinu fylgja oft auknar sundferðir og busl í heitum pottum. Þá verða margir foreldrar varir við að húð barna þeirra þornar frekar og að einkenni exems versna. **Bioskin Junior** vörurnar eru þróaðar fyrir börn með exem og þurra húð. Þær eru byggðar á náttúrulegum innihaldsefnum sem styðja við eigið viðgerðarferli húðarinnar.

NÆRANDI OG GRÆÐANDI

Daily Nourishing Spray nærir húðina og **Outbreak Rescue Cream** er notað til viðbótar þegar húðin er mjög þurr. Einnig er fáanlegt Shampoo, Face & Body Wash og Bath Milk, en mikilvægt er að nota vörur sem eru mildar og án ertandi efna á húð barna. Vörurnar eru nærandi og græðandi, kláðastillandi og þykja draga úr bólgu og roða. Virku innihaldsefnum eru ilmkjarnaolíur, vítamín og steinefni. Þær innihalda ekki stera, paraben eða SLS.

EXEMID NÁNAST HORFIÐ

„Sonur minn, fimm ára, hefur frá nokkurra mánaða aldri verið með exem og ofnæmi. Hann hefur alla tíð þurft á sterakremi að halda á verstu blettina og kláðastillandi töflur til að geta sofið á nóttunni. Um leið og ég sprejjaði spreynu á hann heyrðist frá honum: „Aaahhh mamma, þetta er þægilegt,“ því kælingin er góð á kláða.



SÖLUSTAÐIR Flest apótek og heilsubúðir.

Núna er exemid nánast horfið og biður hann sjálfur um sprejið þegar hann finnur fyrir kláða,“ segir Eva Ruza Miljevic.

FRÁBÆR NÁTTÚRULEG LAUSN

Eva segir þvílíkan mun að finna jafn fráþæra vöru til að nota á litinn kropp. „Hann hefur ekki fengið kláðastillandi töflurnar lengi og er alveg laus við að þurfa á sterakreminu að halda. Ég er voða lítið að gaspra um vörur sem ég nota en mig langar til að segja öllum heiminum frá Salcura vörunum. Þær eru algjör snilld.“

ALGJÖR SNILLD

Eva hefur ekki þurft að nota sterakrem á útbrot sonar síns síðan hún byrjaði að nota barnalínuna frá Salcura.

Ertu ekki enn búin(n) að prófa?

20% afsláttur
1.-15 júní

Nú er tækifærið

ATH! aðeins á 90 töflu glasi



Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

Garðsláttuvélar og traktorar

Mikið úrval sláttuvéla, garðtraktora og ásetusláttuvéla



Cub Cadet

PÓR

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 -18:00
Lokað um helgar



GENGIÐ YFIR LANDIÐ FYRIR FÉLAGANA

ÁHEITAGANGA Rakel Ósk Snorradóttir úr Hjálparsveit skáta í Garðabæ ætlar að ganga yfir Ísland í sumar ásamt nokkrum félögum sínum. Gangan er til styrktar fjölskyldum tveggja meðlima sveitarinnar sem greindust með krabbamein.

Félagar í Hjálparsveit skáta í Garðabæ standa þétt við bakið á félögum sínum enda einkennir mikil samheldni starf sveitarinnar. Undanfarin ár hafa tveir af lykilmönnum hjálparsveitarinnar barist hetjulega við krabbamein en annar þeirra, Eyþór Fannberg, lést í lok janúar. Nú hafa meðlimir sveitarinnar skipulagt áheitaöngu í sumar þar sem gengið verður þvert yfir landið. Hugmyndin er komin frá Rakel Ósk Snorradóttur en hún segir fréttir af veikindum félaga þeirra hafa haft mikil áhrif á þau öll. „Bæði Eyþór Fannberg og Edda Björk Gunnarsdóttir hafa verið virk í starfi okkar í mörg ár. Edda Björk hefur meðal annars verið formaður leitartækniflokks í mörg ár og séð um ýmis verkefni á vegum sveitarinnar. Eyþór Fannberg var formaður hundaflokks og æfði upp leitarhunda auk þess að sinna ýmsum öðrum verkefnum fyrir sveitina. Ég man að dagana eftir að Edda Björk greindist með krabbamein síðasta sumar þá fannst mér ég ekki geta setið lengur á mér en líkt og aðstandendur krabbameinssjúklinga vita að þá er mjög erfitt að standa á hliðarlínunni. Mér fannst ekki vera spurning um annað en að reyna að gera eitthvað.“

GENGIÐ Í 20 DAGA

Þar sem bæði Edda Björk og Eyþór voru þekkt fyrir mikinn áhuga á fjallgöngum fannst Rakel liggja beinast við að efna til áheitaöngu fyrir þau. „Ástæðan fyrir því að ég vildi ganga þvert yfir landið er að slíkt verkefni endurspeglar svo vel karakter þeirra Eyþórs og Eddu Bjarkar. Ég áætla að byrja gönguna 6. júlí en það var einmitt þann dag



fyrir ári sem ég ákvað að ég myndi ganga alla leið yfir landið fyrir þessa tvo félaga mína.“

Gönguleiðin er rúmir 350 km í loftlínu og liggur frá Skógum til Siglufjarðar. „Ástæðan fyrir þessari leið er sú að þegar ég var að undirbúa gönguna var enn eldgos í Holuhrauni og mikil óvissa í kringum það. Einnig fannst mér skemmtilegt að geta fléttað inn skemmtilegar og klassískar gönguleiðir eins og Fimmvörðuháls, Laugavegin, Austurdal í Skagafirði og Tröllaskaga. Ég er búin að skipta leiðinni niður á 20 daga og skipti göngunni upp í nokkra leggi þannig að sem flestir geti gengið með mér.“

FLEIRI BÆTAST Í HÓPINN

Gangan byrjar mánudaginn 6. júlí á Skógum en fyrsti leggurinn er frá Skógum inn í Þórsmörk (Fimmvörðuháls) og annar leggurinn er Þórsmörk inn í Landmannalaugar (Laugavegurinn). „Næst heldur leiðin inn í Laugafell meðfram Kvíslarveituvegi og þaðan inn með Austurdal í Skagafirði og yfir á Tröllaskaga en við endum á Siglufirði 26. júlí.“

Rakel gengur alla leiðina en fær fjölda félaga sinna með í för á ólíkum leggjum leiðarinnar, bæði úr sveitinni sinni en einnig úr Hjálparsveit skáta úr Kópavogi. „Fleiri munu síðan bætast í hópinn, meðal annars vinir og fjölskyldumeðlimir

sveitarmanna. Ég hef skipulagt skiptistöðvar þar sem félagar mínir geta komið og gengið með mér hluta úr leið og þangað fæ ég einnig sendar vistir.“

Reglulegar fréttir og myndir frá göngunni munu birtast inni á Facebook-síðu sveitarinnar auk þess sem fréttir munu birtast á www.hjálparsveit.is.

Þeim sem vilja styrkja málefnið er bent á söfnunarreikninginn 546-26-900 (kt. 431274-0199) en allur peningur sem safnast mun renna beint til fjölskyldna þessara tveggja félaga þeirra sem hafa sinnt mjög óeigingjörnu starfi fyrir sveitina undanfarin ár.

TRAUSTIR VINIR

„Ástæðan fyrir því að ég vildi ganga þvert yfir landið er að slíkt verkefni endurspeglar svo vel karakter þeirra Eyþórs og Eddu Bjarkar,“ segir Rakel Ósk Snorradóttir. Hundur hennar, Móa, gengur með hluta leiðarinnar.

MYND/STEFAN

FYLGST MEÐ FERÐINI

„Reglulegar fréttir og myndir frá göngunni munu birtast inni á Facebook-síðu sveitarinnar auk þess sem fréttir munu einnig birtast á hjalparsveit.is.“



Útsala hafin!

Frábær tilboð á Útsölu

B/A/S/L/E/R

MaxMara

MARINA RINALDI

B/A/S/L/E/R *Parisar* TÍZKAN

Fylgist með okkur á facebook.com/Parisartizkan

Skipholti 29b • S. 551 0770

KLASSÍK Í VATNSMÝRI

Tónleikaröðin Klassík í Vatnsmýrinni heldur áfram á morgun. Þar leika tveir finnskir hljóðfæraleikarar.

Aðrir tónleikarnir í tónleikaröðinni Klassík í Vatnsmýrinni verða haldnir á morgun miðviku-dag. Þar munu tveir af fremstu hljóðfæraleikurum Finnlands, sellóleikarinn Marko Ylönen og píanóleikarinn Martti Rautio, leika nokkur verk

eftir tónskáldin Debussy, Sibelius, Kodaly, Janacek, Webern og Prokofiev frá árunum 1912-1915. Ylönen og Rautio hafa starfað mikið saman síðustu ár og meðal annars gefið út nokkra hljómdiska.

Það er félag íslenskra tónlistarmanna – klassískrar deildar FÍH sem stendur fyrir tónleikaröðinni í samvinnu við Norræna húsið en á tónleikunum er lögð áhersla á norrænt og alþjóðlegt samstarf. Markmið tónleikaraðarinnar er að gefa áheyrendum tækifæri á að hlýða á fyrsta flokks erlenda og innlenda listamenn þar sem megináherslur eru lagðar á kammertónlist og einleikara.

Sérstök áhersla er lögð á að fá ungt fólk á tónleikaröðina Klassík í Vatnsmýrinni og því fá tónlistarnemendur og allir yngri en 20 ára ókeypis aðgang að tónleikunum á morgun. Fyrir aðra gesti er aðgangseyrir 2.000 kr. en 1.000 kr fyrir eldri borgara, öryrkja og félagsmenn FÍT – klassískrar deildar FÍH.

Nánari upplýsingar um tónleikana á morgun og Klassík í Vatnsmýrinni má finna á vef Norræna hússins, www.nordice.is.



FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir | Söluver: Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512 5434 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429

VINVEITTIR GERLAR

Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið. OptiBac fæst í öllum apótekum og heilsumverzlunum á Íslandi. Nánari upplýsingar á www.raritet.is og www.facebook.com/optibaciceland



VELJA ÞARF RÉTTA MELTINGARGERLA

RARITET KYNNIR OptiBac Probiotics er meðal öflugustu meltingargerla á markaðnum í dag. Umsagnir þeirra sem nota þá segja sína sögu.

Ég hef prófað margar tegundir af meltingargerlum (acidophilus), en hef aldrei fundið jafn mikla virkni og þegar ég nota OptiBac,“ segir Víðir Þór Prastarson, íþróttafræðingur og heilsumuddari, en Víðir hefur meðal annars notað „For Every Day“ extra sterkan frá OptiBac.

Víðir Þór er menntaður íþróttafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað sem einkaþjálfari í yfir 15 ár og á þeim tíma byggt upp mikla og sérhæfða þekkingu varðandi hreyfingu og næringu. Auk þess sinnir Víðir stundakennslu við heilsumuddbraut Fjölbrotaskólans við Ármúla og er aðstoðarkennari við íþróttafræðisetur Háskóla Íslands.



MÆLIR MEÐ OPTIBAC Víðir Þór Prastarson, íþrótta- og heilsumfræðingur frá Háskóla Íslands, hefur notað OptiBac Probiotics með góðum árangri og mælir með þeim fyrir alla sem vilja tryggja að meltingin sé í lagi.

á borð við skyndibita og unnar matvöru ásamt sýklalyfjanotkun hefur neikvæð áhrif á þarmaflóruna. Þessir þættir valda skorti á ensímum og nauðsynlegum bakteríum fyrir þarmaflóruna og því er ráðlagt að taka daglega inn vandaða meltingargerla með sannaða virkni.

„Í þörmum fyrirfinnast bæði góðar og vondar bakteríur. Talið er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé yfir sjötíu prósent. Margir kannast við óþægindi í meltingarvegi vegna slæmra baktería; loft í maga, magakrampa, niðurgang og hægðatregðu. Ef slæmt ástand

í þarmaflórinni varir lengi er það talið geta leitt af sér ýmsa kvilla, eins og ofnæmi, óþol, minni vörn gegn umgangspæstum og sýkingum, bólgusjúkdóma og veikingu á ónæmiskerfinu, sem leitt getur af sér alvarlega sjúkdóma. Auk þess styrkjum við náttúrulegar varnir líkamans gegn kvefi, flensu og umgangspæstum með því að viðhalda meltingarflórinni,“ segir Víðir og bendir á að þó svo að við höldum að flóran sé góð þá sé raunveruleikinn oft annar og ýmis líkamleg einkenni sem við tengjum ekki beint við meltinguna eigi sér uppruna þar.

BREIÐ VIRKNI OG SÉRHÆFÐAR LAUSNIR

Það sem er einstakt við þessa vöru er hvað gerlarnir eru virkir og vel rannsakaðir. Bæði er hægt að velja gerlablöndu með breiða virkni sem inniheldur margar tegundir af gerlum en einnig hefur OptiBac þróað og sett saman nokkrar tegundir af sérhæfðum blöndum með virkni fyrir sérstök meltingarvandamál eins og til dæmis gegn hægðatregðu, til að losna við loft og þembu úr meltingarveginum, við niðurgangi eða bakteríusýkingu.

DAGLEG INNTAKA VINVEITTRA GERLA STYRKIR ÓNÆMISKERFIÐ

Streita, lélegt eða einhæft mataræði



EKKI MEIRI HÆGÐATREGÐA

OptiBac Bifidobacteria & Fibre eykur á náttúrulegan hátt meltingarvirgni og þarma-hreyfingar.



FLATUR MAGI Á 7 DÖGUM

OptiBac One Week Flat eykur ensímframleiðslu og brýtur niður fæðuna.



OPTIBAC PROBIOTICS EXTRA STRENGTH

Extra sterk Probiotic-formúla með 20 milljörðum af lifandi bakteríum í dagskammti. Inniheldur fimm ítarlega rannsakadaðar bakteríutegundir, meðal annars L. acidophilus NCFM®.

NÁTTÚRULEG OG HRAÐVIRK LAUSN GEGN NIÐURGANGI OG BAKTERÍUSÝKINGUM

OptiBac Saccharomyces boulardii virkar hratt og örugglega við niðurgangi og bakteríusýkingu í meltingarvegi.



OptiBac probiotics

Flatur magi á sjö dögum
One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flitari.

@OptiBac f www.facebook.com/optibaciceland



„Ég mæli með því að nota vandaða meltingargerla eins og frá OptiBac Probiotics til að viðhalda heilbrigðri meltingu og bæta almenna heilsu“

Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.



Fæst í apótekum og heilsubúðum

ÚTSÖLUSTADIR:
Apótek um allt land



BESTA FLENSUVÖRN SEM ÉG HEF PRÓFAÐ

Sambucol er öflug fyrirbyggjandi lausn gegn kvefi og flensu fyrir alla fjölskylduna. Sambucol er náttúrulegt fæðubótarefni úr black elderberry-extrakt.

Popp prinsessan Beyoncé sagði frá því á dögunum í Good Morning America að loks væri hún búin að finna sér hið fullkomna mataræði, sem héldi henni í skefjum. Um ræðir sérstaka tutugu og tveggja daga áskorun hannaða af Marco Borges sem er vegan matarplan. „Ég er ekki grennsta konan á jörðinni, ég er með línur og er stolt af þeim. En ég hef staðið í baráttu við aukakíló síðan ég man eftir mér,“ sagði söngkonan, sem mörgum þykir ein sú allra glæsilegasta.

Sagði Beyoncé þessa tutugu og tveggja daga áskorun ekki aðeins hafa skilað henni viðvarandi lausn á vigtinni, heldur sé húðin á henni mun þéttari og falllegri. „Ég bara verð að deila þessu með öllum,“ lét hún eftir sér í lokin og má vissulega velta fyrir sér hvort þessi upplýsing hafi komið beint frá hjartanu.



SYNGJANDI SÁTT Tónlistarkonan Beyoncé hefur fundið hið fullkomna mataræði. NORDICPHOTOS/GETTY



FIGURÐ Söguþráður Hjartasteins fjallar um sterka vináttu tveggja drengja sem eru að taka sín fyrstu skref inn í unglingsárin og uppgötva ástina.

Leita að gimsteinum í mynd á Austurlandi

Undirbúningur kvikmyndarinnar Hjartasteins er í fullum gangi. Leikaraprufur fara fram um næstu helgi. Myndin er að mestu tekin upp á Borgarfirði eystri.

Kvikmyndin Hjartasteinn eftir Guðmund Arnar Guðmundsson er nú í fullum undirbúningi og stýttist í að upptökur hefjist.

Opnar leikaraprufur fyrir unglunga voru haldnar á síðasta ári þar sem yfir 800 krakkar sóttu um. Nú er hins vegar verið að leita að fleiri leikurum og það á Austurlandi þar sem kvikmyndin verður tekin upp.

Næstu helgi verða haldnar leikaraprufur á Egilsstöðum fyrir leikara og áhugaleikara á öllum aldri.

Leikstjórnin Guðmundur Arnar og framleiðendurnir Anton Máni Svansson og Eva Sigurðardóttir vonast til að geta ráðið fólk af svæðinu í ákveðin hlutverk í kvikmyndinni. Sum eru bitastæðari en önnur en einnig er mikil þörf á aukaleikurum í verkefnið.

„Við erum vongóð um að ráða Austfirðinga í bitastærra hlutverk, svipað og gert var í Hróttum, kvikmynd Gríms Hákonarsonar sem tekin var upp í Bárðardal með ýmsum leikurum frá því svæði. Það er alltaf svo gaman að sjá hvaða

hæfileikaríka fólk er að finna úti á landi og hef ég sterkt á tilfinningunni að það sé ýmsa gimsteina að finna á Austfjörðum,“ segir Eva Sigurðardóttir, einn af framleiðendum Hjartasteins en hún var einnig framleiðslustjóri á Hróttum.

Söguþráður Hjartasteins fjallar um sterka vináttu tveggja drengja sem eru að taka sín fyrstu skref inn í unglingsárin og uppgötva ástina. Gerist myndin síðla sumars í litlu sjávarþorpi á Íslandi og fara tökum að mestu leyti fram á Borgarfirði eystri frá ágúst til október 2015. Er þetta í fyrsta skipti sem tekin verður upp kvikmynd í þessu bæjarfélagi.

Fyrri verk Guðmundar Arnars eru til dæmis Hvalfjörður og Ártún. Þau eru margverðlaunuð og nú er komið að hans fyrstu kvikmynd í fullri lengd. Verkefnið er framleitt af Join Motion Pictures.

Áhugasamir eru hvattir til þess að skrá sig fyrir 11. júní á casting@joinmotionpictures.com með upplýsingum um nafn, aldur, heimilisfang, símanúmer og nýlegri ljós-

Pað er alltaf svo gaman að sjá hvaða hæfileikaríka fólk er að finna úti á landi og hef ég sterkt á tilfinningunni að það sé ýmsa gimsteina að finna á Austfjörðum.

Eva Sigurðardóttir

mynd. Einnig verður hægt að mæta einfaldlega á svæðið á milli klukkan 13.00 og 15.00 á laugardag 13. júní og skrá sig á staðnum. Prufur fara fram í félagsmiðstöðinni Nýjun sem er á Tjarnarlöndum á Egilsstöðum.

Framleiðendur vilja ítreka að fólk á öllum aldri, af öllum stærðum og gerðum er hvatt til þess að skrá sig. Það eru senur í myndinni með börnum og unglungum, fólk á fullorðinsaldri og einnig eldri borgurum. Kvikmyndin verður tekin upp haustið 2015 og stefnt er á að frumsýna hana í kvikmyndahúsum landsins haustið 2016.

gunnarleo@frettabladid.is

Kynntu þér appið & vertu með!

EIGNIR Í NÁGRENNINU

Kaupa Leiga

Tegund húsnæðis

Einbýli Raðhús Parhús

Hæð Fjölbýli Atv. húsn.

Radius frá þinni staðsetningu

1,5 Km

Verðbil

20 M 45 M

Nýtt í dag Nýtt í vikunni ✓

Endursætja Áfram

www.fasteignir.is **vísir**

Jennifer Lopez svæsin í Marokkó

Bomban gæti þurft að dúsa í fangelsi í allt að tvo mánuði verði hún dæmd sek.

Söngkonan, American Idol-dómari, leikkonan og þúsundþjálasmíðurinn Jennifer Lopez hefur fengið á sig kærur vegna glanna-legrar framkomu á tónleikum sem hún hélt í höfuðborginni Rabat í Marokkó þann 29. maí síðastliðinn.

Ku Lopez hafa verið fulldjörf í fatavali og hreyfingum á sviðinu, sé miðað við smekk Marokkómanna. Til að bæta gráu ofan á svart var tónleikunum sjónvarpað um land allt.

Er það hópur innfæddra menntamanna sem hefur lagt fram kæruna.

Tónleikahaldið var hefðbundið

í anda Lopez, en þar hristast fáklæddir rassar mikið og kynferðislegir tilburðir í hávegum hafðir. Var mál manna að með því að sjónvarpa herlegheitunum væri verið að gera lítið úr konum, vanvirða þær og kallar hópurinn eftir að svarað verði fyrir hvers vegna tónleikunum var yfir höfuð sjónvarpað. Verði Lopez fundin



Lopez ku hafa verið fulldjörf í fatavali og hreyfingum á sviðinu, sé miðað við smekk Marokkómanna. Til að bæta gráu ofan á svart var tónleikunum sjónvarpað um land allt.

sek, sem þykir reyndar harla ólíklegt, á hún yfir höfði sér eins til tveggja mánaða fangelsisvist.

TJALDAÐU EKKI TIL EINNAR NÆTUR TJALDAÚRVALIÐ ER Í GLÆSIBÆ

5 manna fjölskyldu-
tjald með 2 inngöngum

Hægt að skipta
svefnrými í tvennt

Yfirlímdir saumar
og vatnsheldni
3000 mm

Rúmgott
fortjald
með botni

Hægt að staga vel
niður fyrir aukinn
stöðugleika í vindi

Létt og
fyrirferðarlítið
miðað við rými,
aðeins 11,8 kg

**HIGH PEAK TJÖLDIN ERU EINSTAKLEGA LÉTT, FYRIRFERÐA-
LÍTIL OG ENDINGARGÓÐ. ÞAU ERU EINFÖLD OG FLJÓTLEG Í
UPPSETNINGU Í HVAÐA VEÐURADSTÆÐUM SEM ER OG ERU
SÉRSTAKLEGA HÖNNUÐ TIL AÐ HALDA VATNI OG VINDI.**

ÚRVAL FJÖLSKYLDUTJALDA FRÁ 34.860 KR



Tjald á mynd 68.860 kr

ÚTILÍF

síðan 1974

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is

SAMBIÓN **SAMbio.is**

SUMARSTÓRMÝNDIR VERÐA EKKI STÆRRI EN ÞESS!
VINSÆLASTA MYNDIN Í HEIMINUM Í DAG!
FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA OG BRETLANDI.

GEORGE CLOONEY
TOMORROWLAND
A WORD BEYOND
★★★★★
VILLAGE VOICE
★★★★★
THE HOLLYWOOD REPORTER

DWAYNE JOHNSON
SAN ANDREAS
PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

MELISSA MCCARTHY JASON STATHAM
SPY
PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

Frá leikstjóra Mission Impossible: Ghost Protocol og The Incredibles
PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

SAMBIÓN ALFABAKKA		SAMBIÓN EGILSHÖLL	
SAN ANDREAS 3D	kl. 5:30 - 8 - 10:30	SAN ANDREAS 3D	kl. 5:30 - 8 - 10:30
SAN ANDREAS 2D	kl. 6:30 - 9	SPY	kl. 5:25 - 8 - 10:35
SAN ANDREAS 2D VIP	kl. 5:30 - 8 - 10:30	TOMORROWLAND	kl. 5:20 - 8 - 10:40
TOMORROWLAND	kl. 5:20 - 8 - 10:40	MAD MAX: FURY ROAD 3D	kl. 8
GOOD KILL	kl. 10:55	MAD MAX: FURY ROAD 2D	kl. 5:30 - 10:30
MAD MAX: FURY ROAD 3D	kl. 5:20 - 8 - 10:40	KEFLAVÍK	
AVENGERS 2 2D	kl. 5 - 8	SAN ANDREAS 3D	kl. 5:40 - 8 - 10:20
NUMERUD SÆTI		SPY	kl. 8
SAN ANDREAS 2D	kl. 5:30 - 8 - 10:30	TOMORROWLAND	kl. 5:20
TOMORROWLAND	kl. 5:20	MAD MAX: FURY ROAD 2D	kl. 10:30
MAD MAX: FURY ROAD 2D	kl. 8 - 10:40	AKUREYRI	
HOT PURSUIT	kl. 6 - 8	SAN ANDREAS 3D	kl. 5:30 - 8 - 10:30
CHILD 44	kl. 10	TOMORROWLAND	kl. 5:30
PRÍÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG		MAD MAX: FURY ROAD 2D	kl. 8 - 10:30

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

SPY
FRÁ LEIKSTJÓRA BRIDESMAIDS OG THE HEAT
PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

HRÚTAR
★★★★★
★★★★★
★★★★★
PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

PITCH PERFECT 2
PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is
Miðala og nánari upplýsingar
Coca-Cola

POWERSÝNING
KL. 10:30

SAN ANDREAS
PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

SPY
PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

HRÚTAR
PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

PITCH PERFECT 2
PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

MAD MAX
PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

LAUGARÁS BÍÓ	Sýningartímar
SAN ANDREAS 3D	8, 10:30(P)
SPY	5:30, 8, 10:30
HRÚTAR	6, 8
PITCH PERFECT 2	5:30
MAD MAX 3D	10



ALLT Á HREINU Rapparinn Snoop Dogg var heldur betur í stuði á Bunbury-tónlistarhátíðinni í Ohio á sunnudaginn en kappinn er væntanlegur til landsins.



MÆTT Á LEIKINN Söngkonan Rihanna lét sig ekki vanta á úrslitaleikinn í NBA á fimmtudaginn og fylgdist spennit með.



Í GÓÐUM GÍR Leikarinn Sylvester Stallone var vígalegur á röltinu í Los Angeles á laugardaginn.



EKKI Í STUÐI Söngkonan Katy Perry var ekki í stuði fyrir ágenga ljósmyndara þegar hún lenti í París á laugardaginn.

FRÆGA FÓLKID Á FERÐ OG FLUGI



BESTA LEIKKONAN Helen Mirren var alsæl með verðlaun fyrir bestu aðalleikkonuna í leikhúsi sem féllu henni í skaut á sunnudaginn.



ALLTAF FLOTT Björk kom fram á Governors Ball-tónleikahátíðinni í New York á laugardaginn og var glæsileg eins og alltaf.



URBAN *Coca-Cola*

FRUMSÝND Á MORGUN

FORSALA Á *midi.is*,  OG *SAMBIO.is*



Birkir missir af mikilvægum leik

FÓTBOLTI Birkir Bjarnason kom í gær til Íslands vegna landsleiksins gegn Tékklandi í undankeppni EM 2016 á föstudag. Þar með er ljóst að hann missir af síðari úrslitaleik Pescara gegn Bologna í umspilskeppni ítölsku B-deildarinnar um laust úrvalsdeildarsæti.

Fyrri leik liðanna lauk með markalausum jafntefli en sá síðari fer fram í kvöld. Þar sem um alþjóðlegan leikdag FIFA er að ræða var íslenska landsliðið í fullum rétti að kalla Birki heim fyrir leikinn gegn Tékkum. Birkir hefur lengi verið lykilmáður í liði þeirra Heimis Hallgrímssonar og Lars Lagerbäck.

Birkir ritaði nokkur orð til stuðningsmanna Pescara á Instagram-síðu sinni í gær. „Skyldan kallar, þó í hjartanu vilji ég vera áfram hérna og klára þetta mikla ævintýri,“ skrifaði Birkir sem hefur skorað tíu mörk í 37 leikjum með Pescara á tímabilinu.



- esá

Tók tíma að venjast veðrinu á Íslandi

FÓTBOLTI „Þetta var virkilega góður sigur og frammistaðan hjá liðinu frábær,“ segir Patrick Pedersen, framherji Vals, við Fréttablaðið um 3-0 sigurinn á KR. Pedersen var frábær í leiknum, skoraði tvö mörk og er leikmaður sjöundu umferðar hjá Fréttablaðinu.

„Þetta var algjör liðssigur. Við vorum virkilega skipulagðir og spiluðum góðan leik á móti góðu liði,“ segir Pedersen sem er markahæstur í deildinni með fimm mörk. Í heildina hefur hann skorað átta mörk í sumari.

„Ég er fullur sjálfstrausts þessa dagana. Það kemur þegar maður

skorar. Ég er á skriði núna sem er það sem allir framherjar vilja og vonandi heldur þetta bara áfram.“

Valsliðið er búð að vinna þrjá leiki í röð í deild og bikar og er búð að vinna bæði FH og KR.

„Liðið er að koma til og við erum alltaf að spila betur og betur. Við erum búnir að standa okkur svakalega vel í síðustu þremur leikjum; skora nú mörk og ekki fá á okkur eitt,“ segir Pedersen.

Þessi öflugur framherji kom til Vals á síðustu leiktíð og hefur því verið á Íslandi í rúm ár núna.

„Ég er að venjast lífinu hérna.



MARKAHRÓKUR Patrick Pedersen skorar og skorar fyrir Val. FRÉTTABLAÐIÐ/XXX

Sérstaklega veðrinu,“ segir hann og hlær. „Aðalatriðið er að hér fæ ég að spila sem var ekki að gerast í Danmörku og því líður mér mjög vel,“ segir Patrick Pedersen.

- tom



STRÁKARNIR OKKAR Aðeins gestir á Laugardalsvelli sjá leikinn gegn Tékkum á föstudag ef að líkum lætur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFÞ

Undanþága ekki veitt

ÍPRÓTTIR Ólíklegt er að leikur Íslands og Tékklands í undankeppni EM 2016 verði í beinni útsendingu RÚV eins og til stóð. Leikurinn fer fram á Laugardalsvelli á föstudagskvöld og seldist upp á hann á augabragði.

Starfsmenn RÚV sem eru í Rafiðnaðarsambandinu fara að öllu óbreyttu í verkfall á miðnætti á miðvikudaginn og standa verkfallsaðgerðir yfir í sex daga. Þetta hefur einnig áhrif á fleiri útsendingar RÚV, svo sem leiki karla- og kvennalandsliða Íslands í handbolta gegn Svartfjallalandi á sunnudag.

RÚV óskaði eftir undanþágum „til að geta sinnt fjölbreyttu þjónustuhlutverki sínu við landsmenn“, eins og það var orðað í tilkynningu í gær. Flestum undanþágubeiðnum var hafnað.

KSÍ hefur beðið 365 um að taka leikinn upp en Stöð 2 Sport hefur leyfi til að sýna leikinn einni klukkustund eftir að hann er flautaður af í Laugardalnum. „Það verður náttúrlega grátlegt fyrir alla Íslendinga að sjá ekki leikinn og auðvitað fleiri út um allan heim sem eru spenntir fyrir þessum leik,“ sagði Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, við Vísi í gær.

- esá, tom

1. DEILD KARLA

Viktor hetja Þróttara

Viktor Jónsson, lánsmaður frá Víkingi, skoraði sigurmark Þróttar í 1-0 sigri á Grindavík suður með sjó í 1. deildinni í gær. Markið kom á 85. mínútu en þetta var hans sjötta deildarmark í sumari. Þróttur er enn með fullt hús stiga að loknum fimm umferðum.

Stærsti leikur sumarsins

Breiðablik og Stjarnan mætast í stórleik í Pepsi-deildinni í kvöld en úrslit hans gætu skipt sköpum þegar talið verður upp úr kössunum í haust. Fréttablaðið ræddi við tvo lykilmenn liðanna af þessu tilefni.

FÓTBOLTI Stórleikur 5. umferðar Pepsi-deildar kvenna fer fram á Kópavogsvelli í kvöld þegar Breiðablik og Stjarnan mætast. Leikurinn hefst klukkan 19.15.

Einu stigi munar á liðunum fyrir leikinn; Blikar verma toppsætið með tíu stig, jafnmörg og Þór/KA en með betri markatölu, en Íslandsmeistarar Stjörnunnar eru í 3. sæti með níu stig. Þetta er annar leikur liðanna á fimm dögum en þau mættust einnig í 16 liða úrslitum Borgunarbikarsins á föstudaginn. Þar hafði Stjarnan betur í mjög jöfnum leik, 2-1.

Þetta var þriðji sigur Stjörnunnar á Breiðabliki í röð en Garðbæingur unnu Blika einnig í úrslitaleik Lengjubikarsins og í Meistarakeppni KSÍ áður en Íslandsmótið hófst.

Er um að nálgast þær

„Hann leggst mjög vel í mig, maður er í þessu til að spila svona leiki,“ sagði Fannís Friðriksdóttir, leikmaður Breiðabliks, þegar Fréttablaðið heyrði í henni hljóðið fyrir leikinn mikilvæga í kvöld.

Fannís, sem hefur skorað fimm mörk í fyrstu fjórum leikjum Blika í deildinni, segir að liðið þurfi að halda mistökum í lágmarki gegn Íslandsmeisturum í kvöld og býst við svipuðum leik og á föstudaginn.

„Það var mjög jafn baráttuleikur og það var mikið um tæklingar og peysutog og annað slíkt. Við settum svolítið á þær og mér fannst við hættulegri aðilinn,“ sagði Fannís.

„Við þurfum að passa markið okkar og ef við höldum hreinu er nóg að skora eitt,“ bætti hún við en Breiðablik hefur aðeins fengið á sig tvö mörk í deildinni, líkt og Stjarnan.

Breiðablik lenti í 2. sæti í Pepsi-deildinni í fyrra, átta stigum á eftir meisturum Stjörnunnar. Fannísí finnst Blikakonur sífellt vera að nálgast Garðbæinga sem hafa unnið þrjá Íslandsmeistararitla á síðustu fjórum árum.

„Já, miklu nær. Við vorum ekkert langt frá þeim í fyrra og þetta er alltaf að jafnast,“ sagði Fannís er nokkuð sátt með stigaförnun



TOPPSLAGUR Stjarnan hefur unnið þrjá leiki í röð gegn Breiðabliki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Blika til þessa þótt hún hefði viljað ná í öll stigin þrjú gegn KR en leikur liðanna í 3. umferðinni endaði með jafntefli.

Við erum á pari

„Þetta er klárlega stærsti leikur sumarsins, allavega enn sem komið er,“ sagði Ásgerður Stefánía Baldursdóttir, fyrirliði Stjörnunnar, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hún býst við hörkuleik í kvöld líkt og Fannís: „Þótt við séum búnar að vinna þær þrívægis með skömmu millibili hafa þetta allt verið hörkuleikir. Ég held að þetta verði svipaður leikur og á föstudaginn þar sem það var mikið um tæklingar og læti.

Ég vona bara að Garðar vinur minn mæti aftur,“ sagði Ásgerður í léttum dúr. Henni verður þó ekki að ósk sinni því Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson mun dæma leikinn.

Stjarnan er sem áður sagði búin að ná í níu stig í deildinni. Meistararnir byrjuðu á því að vinna KR og Fylki en töpuðu svo 1-2 fyrir Sel-

Munar öllu að fá almennilegan dómara

„Það er ekki hægt að lýsa því hversu gott það var á fá almennilegan dómara sem hafði tók á leiknum og var með einhverja línu. Það munar öllu að fá góða dómara eins og sást í fyrra markinu sem við skorudum,“ sagði Ásgerður um frammistöðu Garðars Arnar Hinrikssonar í leik Stjörnunnar og Breiðabliks á föstudaginn. Línuvörðurinn flaggaði rangstöðu á Önnu Björk Kristjánsdóttur þegar hún skoraði fyrra mark Stjörnunnar en Garðar dæmdi markið gott og gilt enda fór boltinn af varnarmanni Blika og þaðan til Önnu.

„Nútiú og fimm prósent af dómurum sem eru settir á leik hjá okkur hefðu eflaust dæmt rangstöðu og ekkert þælt í þessu. Garðar var frábær í þessum leik. Við höfum oft fengið hátt setta dómara sem nenna ekki að dæma þessa leiki. Garðar gerði það og sýndi okkur og leiknum virðingu.“



fossi í 3. umferð. Það var fyrsta tap Stjörnunnar síðan í 1. umferðinni 2014, þegar liðið tapaði einmitt fyrir Breiðabliki. Stjörnukonur svöruðu svo fyrir tapið með öruggum 4-0 sigri á Val í síðustu umferð.

„Við erum á pari. Það er aldrei gaman að tapa og sérstaklega ekki á heimavelli. En ég held að öll lið hafi gott af því að tapa og það þarf að kunna það eins og að vinna,“ sagði Ásgerður og bætti því við

Stjörnukonur hefðu hvorki hugsað né talað mikið um þessa taplausu hrinu. Fyrirliðinn fékk nasabefinn af atvinnumennsku í vetur þegar hún spilaði um þriggja mánaða skeið með Kristianstad í sænsku úrvalsdeildinni. Hún segir muninn á íslensku deildinni og þeirri sænsku mikinn.

„Það er miklu meiri munur á deildunum en ég bjóst við og við hérna heima höldum,“ sagði Ásgerður að lokum.

ingvithor@365.is

Var alveg hárrétt metið hjá Rúnari Páli eftir leikinn

Michael Præst, fyrirliði Íslandsmeistara Stjörnunnar, segir leikmenn liðsins hafa rætt saman eftir tapið gegn Fjölni í Pepsi-deildinni

FÓTBOLTI „Það er erfitt að segja hvað er að gerast hjá okkur. Það er bara ekki sami karakter og í fyrra,“ segir Michael Præst, fyrirliði Íslandsmeistara Stjörnunnar, við Fréttablaðið um gengi meistaranna í Pepsi-deildinni til þessa.

Stjarnan hefur ekki unnið leik síðan í annarri umferð og er nú búin að tapa tveimur deildarleikjum í röð. Nú síðast steinla líðið gegn Fjölni á heimavelli, 3-1, þar sem það var einfaldlega heppið að fá ekki verri útreið.

„Í fyrra lögðum við mikið á okkur í hverjum leik. Við fengum ekki á okkur skyndisóknir og vörninn var alltaf þétt. Núna erum við alltaf galopnir gagnvart skyndisóknunum

og erum að gera mistök sem við létum önnur lið gera í fyrra,“ segir Præst.

Rúnari Páli Sigmundssyni, þjálfari Íslandsmeistaranna, var nóg boðið eftir leik og sagði í viðtali að það væri ekki furða að liðið tapaði ef „leikmenn nenntu ekki að leggja sig fram“.

Præst kom ummæli þjálfarans ekkert á óvart heldur er hann fyllilega sammála Rúnari.

„Hann hitti einfaldlega naglann á höfuðið. Deildin er þannig, eins og í fyrra, að allir eru að vinna alla. Við verðum að leggja meira á okkur í hverj-



um einasta leik. Annars töpum við. Það er ekkert flókið. Við megum ekki bara vera

ellefu leikmenn að hlaupa sem einstaklingar heldur verðum að spila sem lið. En nú höfum við náð botni,“ segir Præst.

Fyrirliðinn segir að leikmenn Stjörnunnar hafi rætt

PRESTURINN Er duglegur að messa yfir sínum mönnum.

saman á æfingu í gær eftir útreiðina gegn Fjölni og að þeir ætli að snúa dæminum við áður en það verður um seinan.

„Við litum bara hver í augun á öðrum og ræddum þetta. Við ætlum að byggja upp frá vörninni núna og vera jafnóflugir og við getum spilað. Við ætlum ekki að finna taktinn með neinum glansfótbolta. Þetta snýst um að vinna leiki og við viljum sýna að við getum spilað eins og Stjarnan í fyrra,“ segir hann.



Præst segist hafa grunað að þetta gæti gerst. „Ég hélt að þetta væri einsdæmi eftir Blikaleikinn en svo mætti Fjölnir og pakkadi okkur saman. Nú þurfum við að fara spila sem lið.“

- tom

REYKJAVÍK GUITARAMA

INTERNATIONAL GUITARFEST

HÁSKÓLABÍÓ 3. OKTÓBER KL. 20



AL DI MEOLA, ROBBEN FORD
BJÖRN THORODDSEN, PEO ALFONSI,
BRYNHILDUR ODDSDÓTTIR OFL.

DAGSKRÁ

**19:40****CATASTROPHE**

Ný bresk þáttaröð um hinn ameríska Rob og hina írsku Sharon sem hittast á skemmtistað í London þar sem örlög þeirra ráðast og líf þeirra tekur óvænta stefnu. Stórskemmtilegir þættir sem koma á óvart!

FRÁBÆR PRÍÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is****365****20:05****WHITE COLLAR**


Sjarmörinn og svikahraupurinn Neil Caffrey hjálpar lögreglunni að göma aðra svikahrappa til þess að komast hjá fangelsisvist sjálfur.

**20:50****VEEP**

Bráðfyndnir gamanþættir þar sem Julia Louis-Dreyfus er í hlutverki þingmanns sem ratar í starf forseta Bandaríkjanna.

**21:20****A.D.: KINGDOM AND EMPIRE**

Þættirnir gerast eftir krossfestingu Jesú og fjalla um líf lærisveina frelsarans.

**22:05****MURDER IN THE FIRST**

Nýir og hörkuspennandi þættir þar sem eitt stórt og flókið sakamál er krufið til mergjar frá upphafi og til enda út þáttaröðina.

**22:45****AWAKE**

Spennandi þættir um lögreglumanninn Michael Britten sem missir bæði eiginkonu sína og son í skelfilegu bíslýsi.

**19:00****ARTÚR OG MÍNIMÓARNIR**

Skemmtilegt ævintýri um ungan dreng sem leggur upp í leit að földum fjársjóði til að bjarga húsi afa síns.

**STÖÐ 2**

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 The Middle
- 08.30 Restaurant Startup
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 The Doctors
- 10.15 Are You There, Chelsea?
- 10.40 Suits
- 11.25 Friends With Better Lives
- 11.50 Flipping Out
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 X-factor UK
- 14.45 Time of Our Lives
- 15.40 Survivors. Nature's Indestructible Creatures
- 16.30 Ground Floor
- 16.50 Teen Titans Go
- 17.15 Bold and the Beautiful
- 17.40 Nágrannar
- 18.05 Simpson-fjölskyldan
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.55 Ísland í dag
- 19.40 Catastrophe
- 20.05 White Collar (10:13) Fimmta þáttaröðin um sjarmörinn og svikahrappan Neil Caffrey.

20.50 Veep (8:10) Fjórða syran ef þessum bráðfyndnu gamanþáttum. Julia Louis-Dreyfus er hér í hlutverki þingmanns sem ratar í starf varaforseta Bandaríkjanna.

21.20 A.D. Kingdom and Empire (10:12) Einstaklega vandaðir og áhrifamiklir þættir úr smíðju Marks Burnett og NBC sem skarta Jóhannesi Hauki Jóhannessyni í einu hlutverkanna.

22.05 Murder in the First (3:10)

22.50 Last Week Tonight With John Oliver

23.20 Louie

23.40 Weird Loners

00.10 Outlander

01.05 Major Crimes

01.50 Weeds

02.20 Piranha 3D

03.45 Battle of the Year

05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 10.45 Evrópueldarmörkin
- 11.35 Goðsagnir - Gummi Ben
- 12.25 Víkingur - FH
- 14.15 Pepsímörkin 2015
- 15.30 Golden State - Cleveland
- 18.10 Kiel - Lemgo
- 19.30 Pýsku mörkin
- 20.00 Meistarad. Evrópu - fréttabáttur
- 20.30 Juventus - Barcelona
- 22.20 Keflavík - KR
- 00.20 Meistarad. Evrópu - fréttabáttur
- 01.00 Cleveland - Golden State. Leikur 3 Bein útsending frá þriðja leik Cleveland Cavaliers og Golden State Warriors í úrslitaeinvígínu í NBA.

SPORT 2 enski boltinn

- 12.25 Goals of the Season 2014/2015
- 13.20 Chelsea - Sunderland
- 15.05 Keflavík - KR
- 17.05 Borgunarmörkin 2015
- 18.10 Liverpool - Tottenham
- 20.00 Willum Þór Þórsson
- 20.30 Chelsea - Barcelona
- 21.00 Swansea - Chelsea
- 22.40 Middlesbrough - Norwich
- 00.25 Football League Show

INN

- 20.00 Hrafnáping
- 21.00 Lífæð Íslands
- 21.30 Stjórnarráðið

STÖÐ 3

- 18.25 Silicon Valley
- 19.00 The World's Strictest Parents
- 19.55 Suburgatory
- 20.20 One Born Every Minute UK
- 21.10 Justified (1:13) Dramatískir þættir um lögreglumanninn Raylann Givens sem reynir að halda uppi lögum og reglu í smábæ í Kentucky með óhefðbundnum aðferðum.
- 22.00 Mental (5:13) Skemmtilegir þættir um lækinn Jack Gallagher sem er nýtekinn yfir sem yfirmaður á geðdeild á virtu sjúkrahúsi í Los Angeles, henn er myndarlegur og hæfileikaríkur og veit af því. Lífið breytist umtalsvert við komu hans en ekki eru allir sáttir við það.
- 22.40 Awake (1:13) Spennandi þættir um lögreglumanninn Michael Britten sem missir bæði eiginkonu sína og son í skelfilegu bíslýsi.
- 23.25 The Originals
- 00.10 The 100
- 00.50 The World's Strictest Parents
- 01.50 Suburgatory
- 02.10 One Born Every Minute UK
- 03.00 Justified
- 03.45 Mental
- 04.30 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

KrakkaStöðin

- 07.00 Dóra könnuður
- 07.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 07.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 07.55 Sumardalsmyllan
- 08.00 Áfram Diego, áfram!
- 08.24 Svampur Sveinsson
- 08.49 Tommi og Jenni
- 08.55 UKI
- 09.00 Brunabíllarnir
- 09.22 Kalli á þakinu
- 09.47 Ævintýraferðin
- 10.00 Strumparnir
- 10.25 Latibær
- 10.47 Elías
- 11.00 Dóra könnuður
- 11.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 11.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 11.55 Sumardalsmyllan
- 12.00 Áfram Diego, áfram!
- 12.24 Svampur Sveinsson
- 12.49 Tommi og Jenni
- 12.55 UKI
- 13.00 Brunabíllarnir
- 13.22 Kalli á þakinu
- 13.47 Ævintýraferðin
- 14.00 Strumparnir
- 14.25 Latibær
- 14.47 Elías
- 15.00 Dóra könnuður
- 15.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 15.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 15.55 Sumardalsmyllan
- 16.00 Áfram Diego, áfram!
- 16.24 Svampur Sveinsson
- 16.49 Tommi og Jenni
- 16.55 UKI
- 17.00 Brunabíllarnir
- 17.22 Kalli á þakinu
- 17.47 Ævintýraferðin
- 18.00 Strumparnir
- 18.25 Latibær
- 18.47 Elías
- 19.00 Artúr og Mínimóarnir

GULLSTÖÐIN

- 18.45 Friends
- 19.10 Modern Family
- 19.35 Mike and Molly
- 19.55 The Big Bang Theory
- 20.20 Veggfóður (3:7) Vala Matt og Hálfdan Steinþórsson halda áfram að fjalla á lífandi og skemmtilegan máta um allt það nýjasta í heimi hönnunar og lífstíls.
- 21.10 Eitthvað annað (6:8)
- 21.35 Grimm (7:22) Önnur þáttaröðin um persónur úr ævintýrum Grimm-bræðra sem hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning.
- 22.20 Curb Your Enthusiasm (8:10) Larry er tekinn fyrir eftir að hafa óvart fellt Shaquille O'Neil á Lakers-leik. Atvikið endar þó með því að vera Larry til happs.
- 22.50 Tyrant (6:10)
- 23.45 Chuck
- 00.25 Cold Case
- 01.10 Veggfóður
- 01.55 Eitthvað annað
- 02.20 Grimm
- 03.05 Curb Your Enthusiasm
- 03.35 Tyrant
- 04.30 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

- 11.40 The Object of My Affection
- 13.30 Trouble With the Curve
- 15.20 The Decoy Bride
- 16.50 The Object of My Affection
- 18.40 Trouble With the Curve
- 20.30 The Decoy Bride
- 22.00 The Dark Knight Rises
- 00.45 Romeo and Juliet
- 02.40 I, Frankenstein
- 04.10 The Dark Knight Rises

RÚV

- 16.30 Downton Abbey
- 17.20 Dótalæknir
- 17.43 Robbi og skrímsli
- 18.06 Millý spyr
- 18.15 Táknafréttir
- 18.25 Vísindahorn Ævars
- 18.30 Melissa og Joey
- 18.50 Öðin hennar
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Golfíð (1:12)
- 20.35 Hefnd (8:23) (Revenge) Bandarísk þáttaröð um unga konu sem hefur einsett sér að hefna sín á þeim sem sundruðu fjölskyldu hennar.
- 21.20 Bækur og staðir (Megas) Egill Helgason tengir bækur við ýmsa staði á landinu. Í þessum þætti röltir Egill um miðbæinn, sýnir gamalt viðtal við Megas og staldrar við á markverðum stöðum.
- 21.30 Maðurinn og umhverfið (3:5) (Jarðhitanyting) Fræðandi heimildarþáttaröð í umsjón Ara Trausta Guðmundssonar og Valdimars Leifssonar.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Gárur á vatninu
- 23.10 Dicte
- 23.55 Kastljós
- 00.20 Fréttir
- 00.35 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.22 Dr. Phil
- 09.03 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 13.50 Cheers
- 14.15 Dr. Phil
- 14.57 Benched
- 15.18 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course
- 15.42 My Kitchen Rules
- 16.28 Eureka
- 17.11 Black-ish
- 17.35 The Odd Couple
- 17.55 Dr. Phil
- 18.36 The Talk
- 19.15 Design Star
- 19.59 Kirstie
- 20.15 Reign (2:22)
- 21.00 Parenthood (21:22)
- 21.45 Nurse Jackie (2:12)
- 22.10 Californication
- 22.40 Sex & the City
- 23.05 Ray Donovan
- 23.50 Franklin & Bash
- 00.35 Blue Bloods
- 01.20 Parenthood
- 02.05 Nurse Jackie
- 02.30 Californication
- 03.00 Sex & the City
- 03.25 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2015
- 12.00 PGA Tour 2015
- 12.55 PGA Tour 2015
- 18.00 Golfing World 2015
- 18.50 PGA Tour 2015
- 22.50 Champions Tour Highlights
- 23.45 Golfing World 2015

HRINGBRAUT

- 04.00 Lífsstíll
- 04.30 Kíkt í skúrinn
- 05.00 Úr smíðju Páls Steingrímssonar
- 06.00 Lífsstíll
- 06.30 Kíkt í skúrinn
- 07.00 Úr smíðju Páls Steingrímssonar
- 08.00 Lífsstíll
- 08.30 Kíkt í skúrinn
- 09.00 Úr smíðju Páls Steingrímssonar
- 10.00 Lífsstíll
- 10.30 Kíkt í skúrinn
- 11.00 Úr smíðju Páls Steingrímssonar
- 12.00 Lífsstíll
- 12.30 Kíkt í skúrinn
- 13.00 Úr smíðju Páls Steingrímssonar
- 14.00 Lífsstíll
- 14.30 Kíkt í skúrinn
- 15.00 Úr smíðju Páls Steingrímssonar
- 16.00 Lífsstíll
- 16.30 Kíkt í skúrinn
- 17.00 Úr smíðju Páls Steingrímssonar
- 18.00 Lífsstíll
- 18.30 Kíkt í skúrinn
- 19.00 Úr smíðju Páls Steingrímssonar
- 20.00 Fólk með Sirry
- 21.00 Atvinnulífið
- 21.30 Ritstjórnir
- 22.00 Fólk með Sirry
- 23.00 Atvinnulífið
- 23.30 Ritstjórnir

BRYNDÍS
ASMUNDS

SIGGA
BEINTEINS

JÓHANNES
HAUKUR

REGÍNA
OSK

VIGNIR
SNÆR

ERNA
HRÖNN

STEFANÍA
SVAVARS

PROUD MARY
THE BEST
GOLDEN EYE
TYPICAL MALE
RIVER DEEP
MOUNTAIN HIGH
WE DONT NEED
ANOTHER HERO
WHAT'S LOVE GOT
TO DO WITH IT
NUTBUSH CITY LIMITS
OG FLEIRI STÓRSMELLIR

TRYGGÐU ÞÉR
MÍÐA NÚNA!
ÖLL BESTU LÖG
TINU TURNER Í
MAGNADRI SYNINGU
SEM HEFUR HLOTIÐ
MIKIÐ LOF GESTA

„Þetta show rifjar
upp góðar minningar!“
María Sveinsdóttir, tónleikagestur

„Gjörsamlega
truflað show!“
Sigrður Magnússon, tónleikagestur

LOKASÝNING
TÓNLEIKASÝNING RIGG VIÐBURÐA

„Rigg viðburðir halda áfram
góðu starfi í formi glæsilegra
uppsetninga á tónleikum!“
Guðmundur Þór Ámundason, tónleikagestur

TINA

DROTTNING ROKKSINS

STÓRSÖNGKONUR ÁSAMT HLJÓMSVEIT RIGG VIÐBURÐA OG DÖNSURUM

ELDBORG 13. JÚNÍ KL. 20

MÍÐASALA Í FULLUM GANGI

HARPA.IS OG TIX.IS - SÍMI 528-5050

MÍÐAVERÐ FRÁ 6900-9900

 /riggvidburdir

RIGG
VIÐBURÐIR

UPPÁHALDSDRYKKUR



„Gin og tónik sem pabbi blandar og líka nýi Límonaði gosdrykkurinn.“

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir laganemi.

Himinlifandi yfir frábærum viðtökum

Farið var fögrum orðum um heimildarmyndina The Greatest Shows on Earth í dómi í The Guardian.

Heimildarmyndin The Greatest Shows on Earth, sem leikstýrt er af Benedikti Erlingsyni og framleidd af Sagafilm fyrir BBC, var frumsýnd á föstudag á Sheffield-kvikmyndahátíðinni, einni stærstu heimildarmyndarhátíð í heimi. Frumsýningin opnaði hátíðina og segir Margrét Jónasdóttir, einn framleiðandi myndarinnar, að hún hafi gengið stórvél. „Mikill heiður að fá að opna festivalið, þetta er ein af stærstu heimildarmyndarhátíðum í bransanum.“

Myndin segir sögu farandsirkusfólks, furðuvera og fjöllistamanna en við gerð hennar var notast við myndefni allt frá lokum 19. aldar. Myndin er án tals og skipar tónlistin því veigamikinn þátt en hún kemur úr smíðju Georgs

Hólm og Orra Páls Dýrasonar úr Sigur Rós og er unnin í samstarfi við Hilmar Örn Hilmarsson og Kjartan Dag Hólm. Farið er fögrum orðum um myndina í dómi sem birtist á sunnudaginn á vefsíðu The Guardian en þar fær hún fjórar stjörnur af fimm og er Benedikt og tónlistinni hælt í hástert. „Þetta var mjög stór stund fyrir okkur og við erum náttúrulega alveg himinlifandi yfir dómunum sem kom í The Guardian í dag,“ segir Margrét og bætir við að myndin verði frumsýnd með stæl hérlendis á næstunni. Davíð Alexander Corno klippir myndina og framleiðendur eru Margrét Jónasdóttir, Mark Atkin, Heather Croall og Vanessa Toulmin prófessor.



Á FRUMSÝNINGUNNI Framleiðendur, leikstjóri, tónlistarmenn og klippari fylgdu myndinni eftir á hátíðina og voru viðstaddir frumsýninguna.

Flutti til Sviss og heillaðist af Íslandi

Brynjar Sigurðarson er fyrstur Íslendinga til að vera tilnefndur til svissnesku hönnunarverðlaunanna, en þau verða afhent í næstu viku.

„Það er klikkað að horfa sex ár til baka, á strákinn sem flutti einn út til Sviss,“ segir Brynjar Sigurðarson sem er tilnefndur til svissnesku hönnunarverðlaunanna í ár, Swiss Design Awards.

Er hann tilnefndur til verðlauna í flokki hönnunar og hluta, en um tuttugu flokka er að ræða og verða úrslit kunngjörð í næstu viku. Brynjar er jafnframt fyrsti Íslendingurinn sem tilnefndur er til þessara virtu verðlauna í Sviss, en hann flutti út fyrir sex árum. Hefur hann lokið námi í Sviss og kennt við sama skóla. Auk þess hefur hann sett upp sitt eigið stúdíó þar sem kærastan hans vinnur með honum.

„Ég hef verið að vinna mikið með Ísland, náttúruna og hafumhverfið, og hef unnið mikið með Vopnafjörð í mínum verkum,“ útskýrir Brynjar aðspurður um verkin sem komu honum á lista tilnefndra.

„Þetta er í raun mörg mismunandi verkefni sem skapa eina heild og eru mikið til byggð á tengingu minni við Vopnafjörð. Þetta er allt frá prikum upp í húsgögn og postulín.“

Segist Brynjar sækja mikinn innblástur í heimahagana á Íslandi, en sá innblástur hafi í raun læðst aftan að honum. „Þegar ég flutti frá Íslandi fór ég að hafa áhuga á því, og fór ósjálfrátt að vinna markvisst með íslenska umhverfið,“ segir Brynjar, og nokkuð ljóst að íslenska sjávarloftið hefur fylgt honum

til Sviss, þar sem það á greinilega upp á pallborðið hjá Svisslendingum.

Lofsamar Brynjar hönnunarsenuna í Sviss og segir vel stutt við skapandi greinar þar. „Þessi verðlaun hafa mikla þýðingu fyrir mig og geta opnað fyrir mér einhverjar dyr,“ segir Brynjar, en verkin hans eru nú til sýnis og verða þar til í næstu viku. „Það er aldrei að vita hver sér þetta og hvaða tækifæri verða til í kjölfarið, en umfram allt lít ég á þessa tilnefningu sem gott klapp á bakið og hvatningu til að halda áfram, því frílans vinna getur verið ansi mikið hark,“ útskýrir Brynjar og bætir við að hann sé afar upp með sér yfir tilnefningunni.

Brynjar er farinn að hugsa sér til hreyfings og gæti vel hugsað sér að flytjast til Berlínar, þar sem kærastan Veronica býr. En fyrst gerir hann stutt stopp á Íslandi í lok mánaðarins. „Við Veronica í slagtofi við Frosta Gnarr ætlum að vinna saman verkefni þar sem við setjum upp pop-up búð og seljum verk sem við vinnum úr íslensku hráefni. Nú erum við bara að leita

okkur að húsnaði til að leggja undir okkur í einn mánuð,“ segir Brynjar að lokum.

EITT VERKANNA Partur af húsgagnalínu Brynjars sem heitir The Silent Village Collection, gerð fyrir galleríð Galerie Kreo í París.

MYND/ FABRICE GOUSSET



FARSÆLL Brynjar hefur í nægu að snúast og ætlar að koma á Klakann í lok þessa mánaðar, þar sem hann vinnur að verkefni með kærustu sinni og Frosta Gnarr.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is. ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þörsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is. FÓLK/LÍFÍÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlaksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is. FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is. RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is. ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


Að lifa í jafnvægi

Holl fæða hjálpar okkur að skapa stöðugleika í líkamanum og lífinu.

ABT vörurnar fáast í handhægum og þægilegum umbúðum og henta vel sem morgunverður eða millimál.

THULE[®]
SWEDEN

Ferðabox og hjólafestingar



 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnabakka



Iceland

BAKPANKAR

Ólafar
Skaftadóttur



Femínisti segir af sér

Vinur minn sagði við mig um daginn: „Þeir sem hæst hafa undir hverjum fána, og fara þar fremstir í flokki, þeir skilgreina merkinguna.“ Ég hugsaði þessi orð vinar míns lengi. Ég er ekki alltaf sammála honum – hann er til dæmis dyggur stuðningsmaður FH – en þarna held ég að hann hafi hitt naglann á höfuðið. Merking orðsins femínisti er nefnilega dauð á Íslandi.

Ég hef um árabil talið mig femínista, skilgreint mig sem slíka, og því finnst mér erfitt að stíga fram í mest lesna dagblaði landsins og lýsa því yfir að ég sé ekki lengur femínisti. Ég hef samt enn nákvæmlega sömu skoðanir á jafnréttisbaráttunni og ég hafði í síðustu viku, þegar ég var enn yfirlýstur femínisti. En það er, því miður, ákveðinn hópur kvenfólks sem hefur haft sig í frammi svo árum skiptir og skipað sig talsmenn helmings þjóðarinnar. Þær hafa farið fram með sleggju-dómum. Þær hafa þaggað niður sjónarmið sem ekki henta þeirra einhliða umræðu. Þær hafa gerst sekar um einelti á Netinu. Þetta eru örfá dæmi, en þetta eru meginástæður þeirrar gengisfellingar sem ómissandi orð hefur mátt sæta. Maður mætir ekki ofbeldi með ofbeldi. Svo finnst mér bara ákaflega sjúkt að ætla sér að tala fyrir helming þjóðarinnar. Nóg er framboðið af íslenskum karl-mönnum sem lýsa yfir skoðunum sínum á mönnum og málefnum. Sumir hverjir á launum, aðrir alls ekki. Sumir finnr, aðrir bera fram mokrondar skoðanir. Þeir eiga samt rétt á sínum skoðunum. Auk þess þess hef ég aldrei séð þá gerast seka um að ætla sér að tala fyrir hönd allra íslenskra karlmanna. Það væri einfeldningslegt að halda að allir femínistar aðhylltust sömu stefnu. Það væri líka einfeldningslegt að ætla að allir sjálfstæðimenn aðhylltust sömu frjálshyggjuna. En ef formaður flokksins færir fram með þeim hætti sem kynsystur mínar sumar hverjar hafa gerst sekar um í skjóli femínisma held ég að margir flokksmenn myndu hugsa sig tvisvar um fyrir næstu kosningar. Málið er að það kaus ykkur enginn. Talið fyrir ykkur sjálfar.

53.7%

19.6%

FBL

MBL

YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalæstur á
tölublað 18-49 ára. Prentmiðlakönnun
Gallup, jan.-mar. 2015



Allt sem þú þarft ...

GERÐU GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

FEYDOM

RAÐAÐU SAMAN ÞÍNUM EIGIN SVEFNSÓFA

Það nýjasta í dag... einingar sem hægt er að raða saman á ótal vegu. Breyttu, bættu við eða stækkaðu svefnsófann. Sterkt áklæði sem auðvelt er að þrifa - Margar gerðir og litir.

BONBONS S ▶
2 grunneiningar:
4 sæta sófi/
tvöfalt rúm með
2 púðum /
kodda kr. 169.950.-



FAYDOM BONBON M kr. 229.900.- ▲



KÍKTU Á FEYDOM.COM OG SJÁÐU MÖGULEIKANA

BODYPRINT - IQ CARE

BYLTING Í HEILSUDÝNUM

ein allra besta heilsudýna sem hægt er að fá í dag!



Réttur stuðningur og þrýstijöfnun

Settu heilsuna í fyrsta sæti

Reverie

Vönduð stillanleg

HEILSURÚM

með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

- Inndraganlegur sterkur stálbotn
- Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftigeta 2x611 kg, hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.
- Val um dökkan eða ljósan lit í bólstrun

Kíktu á www.reverie.com



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

*3.5% lántökugjald

Ný marg-svæðisskipt hönnun sem gefur einstakan stuðning við allan líkamann.

BODYPRINT er með nýjan opnari efniseiginleika sem gerir það að verkum að hún andar miklu betur (svitnar síður).

BODYPRINT er með nýja sterkari þrýstijöfnunar-efnablöndu sem endist lengur og mótast betur að líkamanum.

BODYPRINT aðlagast svo til samstundis að líkamanum og tryggir betra blóðflæði. Þú nærð því djúpri og betri svefni. Auðvelt er að snúa sér á heilsudýnunni.

BODYPRINT er samvinnuverkefni Veldeman Bedding og Eupen verksmiðjanna í Belgíu.

BODYPRINT er með innbyggðan stuðningspúða sem gefur betri stuðning við lágbackið.

BODYPRINT er með mjúkt útskorið axlasvæði sem gefur vel eftir við axlir.

BODYPRINT leitast við að halda hryggslúnni í beinni stöðu og gefur réttan stuðning við allan líkamann.

IQ-CARE

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Einnig úrval af heilsukoddum



12 mán.

vaxtalausr greiðslur*

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is